




HÁSKÓLINN Á AKUREYRI | 20  
ÁRSSKÝRSLA | 06



## EFNISYFIRLIT



Skipurit og stjórn	bls. 4
Formáli rektors	bls. 5
Nemendafjöldi	bls. 6
Starfsmenn	bls. 7
Góðvínir Háskólans á Akureyri	bls. 8
Félagsvísinda- og lagadeild	bls. 9
Heilbrigðisdeild	bls. 11
Kennaradeild	bls. 14
Viðskipta- og raunvísindadeild	bls. 17
Kennslusvið	bls. 22
Markaðs- og kynningarsvið	bls. 24
RHA – Rannsókn- og þróunarmiðstöð	bls. 25
Upplýsingasvið	bls. 28
Félag stúdenta við HA	bls. 29
Félagsstofnun stúdenta við HA	bls. 31
Fjarnám	bls. 32
Simenntun	bls. 34
Matvælasetur HA	bls. 35
Ferðamálasetur Íslands	bls. 36
Samningar og samstarfsstofnanir	bls. 39
Styrkir	bls. 40
Ársreikningur	bls. 42
Brautskráning	bls. 44
Brautskráningarræða rektors	bls. 45
Brautskráðir - listi	bls. 52
Lokaverkefni	bls. 53



## Stjórn

Háskólaráð fer með æðsta vald innan háskólans. Í ráðinu eiga sæti tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi tilnefndur af menntamálaráðherra, einn fulltrúi nemenda og rektor sem er formaður. Háskólaráð hélt 13 fundi á árinu 2006. Nýtt skipurit fyrir háskólann var samþykkt á árinu. Einn framkvæmdastjóri er við skólann í stað tveggja áður. Starf framkvæmdastjóra var auglýst laust til umsóknar í desember 2005 og var Ólafur Halldórsson ráðinn frá 1. febrúar 2006. Framkvæmdastjórn er háskólaráði til ráðgjafar. Í henni eiga sæti rektor, framkvæmdastjóri og deildarforsetar. Sett var á fót gæðaráð sem tók til starfa í október 2006 og gæðastjóri ráðinn við skólann. Í gæðaráði eiga sæti rektor, framkvæmdastjóri, deildarforsetar, gæðastjóri, einn fulltrúi starfsmanna og einn fulltrúi nemenda.

### Háskólaráð var skipað eftirtöldum fulltrúum til og með júlí 2006:

Þorsteinn Gunnarsson rektor  
 Anna Þóra Baldursdóttir lektor, fulltrúi kennara  
 Baldur Guðnason framkvæmdastjóri, fulltrúi menntamálaráðherra  
 Ingibjörg Elíasdóttir aðjúnt, fulltrúi kennara  
 Kristján Sturluson, fulltrúi nemenda

### Til vara:

Guðbrandur Sigurðsson framkvæmdastjóri, fulltrúi menntamálaráðherra  
 Ingi Rúnar Eðvarðsson prófessor, fulltrúi kennara  
 Karl Guðni Hreinsson, fulltrúi nemenda  
 Sigrún Sveinbjörnsdóttir lektor, fulltrúi kennara

### Háskólaráð var skipað eftirtöldum fulltrúum frá og með ágúst 2006:

Þorsteinn Gunnarsson rektor  
 Baldur Guðnason framkvæmdastjóri, fulltrúi menntamálaráðherra  
 Hjálmar Stefán Brynjólfsson, fulltrúi nemenda  
 Ingi Rúnar Eðvarðsson prófessor, fulltrúi kennara  
 Ingibjörg Elíasdóttir aðjúnt, fulltrúi kennara

### Til vara:

Guðbrandur Sigurðsson framkvæmdastjóri, fulltrúi menntamálaráðherra  
 Rebekka Ingadóttir, fulltrúi nemenda  
 Þórir Sigurðsson lektor, fulltrúi kennara

### Rektor

Þorsteinn Gunnarsson

### Framkvæmdastjóri

Ólafur Halldórsson

### Gæðastjóri

Sigrún Magnúsdóttir

### Deildarforsetar

**Félagsvísinda- og lagadeild:** Mikael M. Karlsson til maí 2006 en þá tók Elín Dianna Gunnarsdóttir við starf nu.

**Heilbrigðisdeild:** Hermann Óskarsson

**Kennaradeild:** Guðmundur Heiðar Frimannsson

**Viðskipta- og raunvísindadeild:** Eyjólfur Guðmundsson

### Forstöðumenn háskólaaskrifstofu

**Fjármála-, starfsmanna- og rekstrarsvið:** Úlfar Hauksson

**Kennslusvið:** Laufey Petrea Magnúsdóttir

**Markaðs- og kynningarsvið:** Jóna Jónsdóttir

**RHA – Rannsókn- og þróunarmiðstöð:** Jón Ingi Benediktsson

**Upplýsingasvið:** Astrid M. Magnúsdóttir



## FORMÁLI REKTORS



Kjarninn í starfsemi Háskólans á Akureyri er kennsla og rannsóknir þar sem ávinningur nemandans situr í öndvegi. Í háskóla er nú sem fyrr mikilvægt að skapa sem best skilyrði og stuðning fyrir nemendum og kennara til að iðka fræði sín, ígrunda og skapa nýja þekkingu. Með þróttmikilli fræðastarfsemi hefur Háskólinn á Akureyri áhrif víðs vegar í þjóðlíf nu, einkum fyrir tilstuðlan þeirrar þekkingar og færni sem brautskráðir nemendur hafa öðlast en einnig vegna margvíslegrar þjónustu í formi kennslu, rannsókna og ráðgjafar sem háskólinn veitir samfélaginu. Virðisaukinn sem af þessari öf ugu háskólastarfsemi hlýst er afar verðmætur fyrir uppbyggingu innviða íslensks samfélags og háskólinn hyggst auka hann enn frekar á næstu árum.

Sérstaða Háskólans á Akureyri felst einkum í því að hlúa vel að nemendum, bjóða upp á fjölbreytt nám sem gefur gott veganesti, byggja upp þverfaglegt nám og rannsóknir sem taka mið af þörfum þjóðlífsins, og styrkja innviði nútíma þekkingarsamfélags. Við háskólann stunda öf ugrir vísindamenn kennslu og rannsóknir á fræðasviðum sem munu vaxa að mikilvægi fyrir íslenskt þjóðlíf og í alþjóðlegu samstarfi. Þar skal nefna m.a. svið auðlinda, heilbrigðis, menntunar, viðskipta, laga og samfélags. Einnig má tilgreina vaxandi rannsóknarsamstarf um sjálfbæra nýtingu auðlinda og málefni norðurslóða.

Í þessari ársskýrslu er gerð grein fyrir starfsemi og þróun háskólans á ýmsum sviðum á árinu 2006. Eins og oft áður einkenndist árið af mikilli uppbyggingu og breytingum. Rannsóknarstarf kennara, sérfræðinga og annarra fræðimanna ef dist mikið. Fjarnám og símenntun styrk tist jafnframt. Ýmsar starfseiningar háskólans tóku virkan þátt í starfsemi á vegum Vaxtarsamnings Eyjafjarðar.

Á skólaárinu 2005–2006 samþykkti Háskólaráð nýtt deildaskipulag og breytingar á stjórnslu og þjónustu háskólans, með það að markmiði að ná fram jafnvægi í rekstri háskólans. Samþykktirnar voru jafnframt liður í að styrkja innviði háskólans því þær fólu í sér verulega einföldun á stjórnskipulagi og skýrari boðleiðir. Aðgerðirnar fólust aðallega í sameiningu deilda, aukinni samnýtingu námskeiða sem og sameiningu þjónustusviða. Fræðigreinum og námsleiðum var þó ekki fækkað og rannsóknartengt framhaldsnám var ef t til muna.



Breyting á skipulagi deilda var gerð í því skyni að gera námsframboð markvissara, samræma stærð námskeiða og auka samkennslu, auk þess sem stærri og öf ugrari deildir ná betur að sinna rannsóknnum og kennslu á grunn- og framhaldsstigi. Til lengri tíma lítið getur sameining deilda skapað fjölbreyttara námsframboð með samsettum námsgráðum án þess að fjölgað verði kenndum námskeiðum. Stoðþjónusta við deildir var gerð heildstæðari og skilvirkari með fækun þjónustusviða úr sex í eina háskólaaskrifstofu. Á árinu fór fram umfangsmikil stefnumótunarmæða og tóku fjölmargir aðilar bæði utan og innan háskólans virkan þátt í henni. Kann ég þeim öllum bestu þakki fyrir framlagið. Niðurstöður þessarar vinnu lágu fyrir í ársbyrjun 2007. Að henni lokinni stóð eftir enn öf ugru háskóli með rekstur í jafnvægi.

Ég vil þakka Laufeyju Sigurðardóttur, ritstjóra ársskýrslunnar, fyrir vel unnin störf og allir þeir fjölmörgu sem lögðu til efni í skýrsluna eða aðstoðuðu við gerð hennar með öðrum hætti fá einnig mínar bestu þakki.

*Þorsteinn Gunnarsson*  
 Þorsteinn Gunnarsson, rektor

Alls voru 1437 nemendur skráðir til náms á haustmisseri 2006, þar af voru 180 nemendur í framhaldsnámi. Staðarnemar voru 763 og fjarnemar voru 674. Um 90 umsækjendum var sýnjað um skólavist.

Heildarfjöldi nemenda



Nemendur haustmisseri 2006

■ karlar ■ konur

Í lok árs 2006 voru 185 fastir starfsmenn við Háskólann á Akureyri. Lausráðnir stundakennarar, prófdómarar, prófgæslu-, nefndar- og aðrir tímavinnustarfsmenn eru ekki meðtöldir en þeir voru 699 í lok ársins. Heildarfjöldi starfsmanna var því 884. Stærsti hópur háskólamentnaðs starfsfólks er í Félagi háskólakennara á Akureyri (FHA) sam tals 138, 14 í Félagi prófessora, 25 í Starfsmannafélagi ríkisstofnana (SFR) og 8 eru utan félaga. Í FHA voru 21 dósent, 53 lektorar, 20 aðjúnktar og annað háskólamentnað starfsfólk 44.

Samninganefnd ríkisins gerir kjarasamninga við FHA og SFR fyrir hönd fjármálaráðherra. Kjararáð úrskurðar um laun rektors og prófessora.



Fastir starfsmenn	Karlar	Konur	Alls
Prófessorar	17	2	19
Dósentar	12	5	17
Lektorar	24	29	53
Aðjúnktar	7	13	20
Sérfræðingar	6	14	20
Skrifstofufólk	14	28	42
Aðrir	8	6	14
<b>Alls</b>	<b>88</b>	<b>97</b>	<b>185</b>

### Á árinu fengu eftirtaldir hæf sdóma:

- Björn Gunnarsson lektor við Heilbrigðisvísindastofnun HA
- Brynjólfur Ingvarsson lektor við Heilbrigðisvísindastofnun HA
- Giorgio Baruchello dósent við félagsvísinda- og lagadeild
- Guðrún Alda Harðardóttir dósent við kennaradeild
- Kjartan Ólafsson lektor við félagsvísinda- og lagadeild
- Ragnar Stefánsson prófessor við viðskipta- og raunvísindadeild
- Sigrún Sveinbjörnsdóttir dósent við kennaradeild
- Snæfriður Þóra Egilsson dósent við heilbrigðisdeild

Góðvinir eru samtök nemenda sem brautskráðir eru frá Háskólanum á Akureyri og annarra velunnara háskólans. Markmið samtakanna eru að auka tengsl háskólans við fyrrum nemendur sína og styðja við uppbyggingu skólans eftir fremsta megni, fjárhagslega og á annan hátt. Þetta gera Góðvinir m.a. með því að innheimta félagsgjöld, efna til endurfunda og útskriftarveislu, heiðra afburðanemendur við brautskráningu og safna fjármagni frá fyrirtækjum.

Góðvinir heiðra árlega við brautskráningu einn nemanda frá hverri deild. Verðlaunin eru gullnælur sem Kristín Petra Guðmundsdóttir gullsmíður hannaði og smíðaði sérstaklega fyrir Góðvini. Eftir tilnefningar frá deildarforsetum vorið 2006 voru valdir eftirtaldir einstaklingar sem sýndu góðan námsárangur og óeigingjart starf í þágu háskólans á þeim tíma sem þeir voru við nám.

Auðlindadeild: Bjarni Eiríksson

Félagsvísinda- og lagadeild: Hilda Charlotte van Schalwyk

Kennaradeild: Svava Björk Helgadóttir

Heilbrigðisdeild: Erla Björnsdóttir

Viðskiptadeild: Hildur Þóra Magnúsdóttir

Upplýsingatæknideild: Martha Dís Brandt

Þann 10. júní 2006 efndu Góðvinir í samstarf við FSHA (Félag stúdenta við HA) í fyrsta sinn til endurfunda og útskriftarveislu að kvöldi brautskráningardags hjá Háskólanum á Akureyri. Boðið var upp á léttar veitingar, skemmtatriði og dansleik í Sjallanum og voru afmælisárgangar sem og þeir sem brautskráðust fyrr um daginn hvattir til að fjölmenna. Úr varð hin ágætasta skemmtun og er það stefna Góðvina að samkoma sem þessi verði árlegur viðburður.

Mörg fyrirtæki hafa sýnt því áhuga að styðja við starfsemi Góðvina á einn eða annan hátt og haustið 2006 vann stjórn Góðvina að því að koma upp fyrirtækjatali hliðstæðu félagatalinu. Sú vinna heldur áfram á árinu 2007.

#### Í stjórn Góðvina árið 2006 störfuðu eftirtaldir:

Jóna Jónsdóttir, formaður

Eva Hrund Einarsdóttir, varaformaður

Elísabet Ingunn Einarsdóttir, ritari og fulltrúi frá nemendum HA

Rúnar Þór Sigursteinsson, gjaldkeri

Hermann Óskarsson, meðstjórnandi og fulltrúi háskólaráðs

Á aðalfundi sem haldinn var í nóvember 2006 var formlega skipt um fulltrúa nemenda og Baldvin Esra Einarsson kom inn í stjórn í stað Elísabetar Ingunnar. Baldvin Esra hafði þó starfað með stjórninni frá stjórnarskiptum í FSHA sem fóru fram vorið á undan. Ákveðið var á aðalfundinum að þannig skuli þetta gert framvegis og að formaður FSHA á hverjum tíma sitji í stjórn Góðvina.



Á haustmísseri 2006 voru 248 nemendur skráðir til náms í félagsvísinda- og lagadeild. Boðið var upp á þriggja ára B.A. nám í fjölmiðlafræði, samfélags- og hagþróunarfræði, sálfræði, lögfræði og nútímafræði. Einnig var boðið upp á tveggja ára nám á meistarastigi í lögfræði sem leiðir til prófgráðunnar magister legis (M.L.) 138 stunduðu nám á sviði félagsvísinda, 27 í nútímafræði og 83 í lögfræði, þar af 67 í B.A. námi og 16 í M.L. námi. Námið er alþjóðatengt og kennt er í deildinni bæði á íslensku og ensku. Kennarar við félagsvísinda- og lagadeild í fullu starf voru 14 og kennarar í hlutastarf 6, auk eins verkefnastjóra sem starfaði við deildina og fjölmargra íslenskra og erlendra stunda-, skipti- og gistkennara.

Vorið 2006 brautskráðust 45 nemendur með B.A. próf frá deildinni, þar af 8 í fjölmiðlafræði, 11 í lögfræði, 5 í nútímafræði, 9 í samfélags- og hagþróunarfræði og 12 í sálfræði.

Kennarar félagsvísinda- og lagadeildar sinna rannsóknum á ýmsum sviðum hug- og félagsvísinda. Meðal fjölþjóðlegra rannsóknarverkefna á árinu 2006 má nefna stjórn og þátttöku í samstarfsverkefnum European School Survey Project on Alcohol and Other Drugs, 2006–2010, Health Behaviours in School-Aged Children, 2005–2009, European Island Societies, 2006–2009, Áfengisneysla íslenskra unglinga, 2005–2007. Einnig má nefna þátttöku í rannsókn á heimspeki Arthurs Schopenhauer sem birtist í ritróðinni I grandi filosofo, þátttöku í rannsóknarverkefnum Encyclopedia Of Life Support Systems á vegum UNESCO og þátttöku í verkefnum Geschichte der nationalsozialistischen Konzentrationslager. Loks hafði deildin á að skipa ritstjóra og höfundum umfangsmikils kennslu-efnis úr Evrópuverkefnum Sports Media and Stereotypes.

Á árinu 2006 birtust rannsóknarritgerðir eftir kennara deildarinnar í íslenskum og alþjóðlegum ritryndum vísindatímaritum á borð við European Journal of Cancer Care, European Legacy, Existential, Føroyskt Lógar Rit, Geostorie, Human Rights Quarterly, Journal of Marriage and the Family, Journal of Rural Studies, Nordic Studies on Alcohol and Drugs, Nordicum Mediterraneum, Nordisk Gerontologisk Forening, Nordisk alkohol- & narkotikatidskrift, Northern Notes, Samfundssøkonomen og Studies. Jafnframt birtust tugir af skýrslum og bókarköf um eftir kennara deildarinnar á innlendum og alþjóðlegum vettvangi og þeir skrifuðu ritdóma í tímarit á borð við Irish Yearbook of International Law, European Legacy, Irish Law Times, Dublin University Law Journal, Irish Theological Quarterly og The Irish Jurist. Þá voru kennarar deildarinnar ritstjórar tímaritanna Nordicum Mediterraneum, Sögu og Bláðamannsins og sátu í ritstjórnnum tímarita á borð við Appraisal og Dublin University Law Journal. Á árinu 2006 futtu kennarar deildarinnar ennfremur fræðileg erindi á vísindaráðstefnum víða um heim, svo sem á Akureyri, í Búdapest, Cambridge (UK), Crét-Bérard, Eiðum, Helsinki, Jyväskylä, Köge, Larnaca, Luleå, Nuuk, Odense, Oulu, Peking, Potsdam, Reykholti, Reykjavík, Riga, Sandhamn, og Saskatchewan. Þá voru sem fyrr haldnar við deildina ráðstefnur um margvísleg efni.

Félagsvísinda- og lagadeild er sú deild háskólans sem hefur tekið á móti hvað f estum erlendum skiptinimum og einnig hafa nemendur deildarinnar tekið þátt í Nordplus, Erasmus og öðrum nemendaskiptum, sérstaklega í Kína og Lettlandi. Komuð var á fót nýjum formlegum samskiptum við Örebro Universitet í Svíþjóð og Tampereen Ammattikorkeakoulu í Finnlandi og einnig tekur deildin þátt í laganemendaskiptum Nordlys.



## FÉLAGSVÍSINDA- OG LAGADEILD

### Sálfræði

Sálfræði leitast við að skilja og útskýra mannlega hegðun, hugsun og tilfærningar. Sálfræðinám við Háskólann í Akureyri er fjölbreytt og veitir grunnþekkingu á sálfræði sem fræðigrein. Í náminu er m.ö.o. lögð áhersla á að veita almenna þekkingu á mismunandi sviðum fræðigreinarinnar, bæði hvað varðar kenningar og rannsóknaraðferðir. B.A. próf í sálfræði veitir því ekki sérhæfingu á ákveðnu sviði innan sálfræðinnar heldur fá nemendur gott tækifæri til að kynna sér margvísleg svið sálfræðinnar. Það auðveldar þeim val á áhugasviði sem þeir geta síðan lagt stund á í framhaldsnámi.

### Fjölmiðlafræði

Fjölmiðlafræðin skoðar gangvirki fjölmiðlanna og stöðu þeirra og áhrif í samfélaginu. Háskólinn í Akureyri er eini háskólinn á Íslandi sem býður upp á nám í fjölmiðlafræði til B.A. prófs. Fjölmiðlafræðinám er tekur mið af þeirri þróun sem hefur orðið á þessu sviði í helstu háskólum á Vesturlöndum þar sem reynt er að samþætta faglega þekkingu sem kennd hefur verið í svonefndum blaðamannaskólum og fræðilega þekkingu og aðferðafræði sem kennd hefur verið í hefðbundnu háskólanámi. Slík samvinnun er talin eftirsóknarverð í námi af þessu tagi og gerir nemendur hæfari til að takast á við samfélagsbreytingar sem fylgja upplýsinga byltingunni og síhækkandi almennu menntunarsigli. Nemendur taka þátt í gerð ýmis konar fjölmiðlaefnis, bæði í prent- og ljósvakamiðlum og áberandi er hve margir útskriftarnemar hafa fengið störf á fjölmiðlum eða í fjölmiðlatengdum störfum.

### Samfélags- og hagþróunarfræði

B.A. nám í samfélags- og hagþróunarfræði er nýjung hér á landi. Námið byggir á kenningalegum og aðferðafræðilegum grunni félagsvísindanna með áherslu á orsakir og afleiðingar órra þjóðfélagsbreytinga á Íslandi, í öðrum samfélögum á norðurlöndum og í þróunarlöndunum. Meðal umfjöllunarefna eru helstu kenningar og rannsóknir á sviði þjóðfélagsbreytinga, aðferðir tölfræði og vettvangsrannsókna, einkenni náttúrulegs og mannlegs umhverfis, stjórnun byggða- og þróunarmála og starfsemi þróunarstofnana og samtaka. Nemendur fá þjálfun í skipulagningu og framkvæmd rannsókna og framsetningu á rannsóknarniðurstöðum fyrir almenning og fræðimenn.

### Lögfræði

Nám í lögfræði til B.A. prófs er um margt með öðru sniði en tíðkast hefur við íslenska háskóla fram til þessa. Um er að ræða fjölbreytt fræðilegt nám þar sem lög og réttur eru skoðuð í sögulegu, félagslegu og heimspekilegu samhengi. B.A. námið nýtist afar vel sem fræðileg undirstaða fyrir þá sem hyggja á nám til embættisprófs í lögfræði. Námið er einnig áhugaverður kostur í hug- og félagsvísindanámi fyrir þá sem ekki stefna að hefðbundnum lögfræðistörfum heldur hyggjast fremur tengja lögfræði við framhaldsnám í öðrum greinum, til dæmis í alþjóðastjórnámum og skyldum greinum. Tveggja ára nám á meistarastigi í lögfræði leiðir til prófgráðunnar magister legis (M.L.). Sú prófgráða, í framhaldi af þriggja ára B.A. prófi í lögfræði, jafngildir hefðbundnu fimm ára embættisprófi í lögfræði (cand. jur.). Áherslan í náminu er á hagnýta íslenska lögfræði þannig að nemendur verði sem best í stakk búnir til að takast á við lögfræðistörf sem dómáramur, lögmenn eða lögfræðingar hjá opinberum stofnunum eða einkafyrirtækjum.



## HEILBRIGÐISDEILD



### Nútímafræði

Nútímafræði er þverfagleg grein á sviði hugvísinda og er Háskólinn í Akureyri eini íslenski háskólinn sem býður upp á nám í þessari grein. Námið er þverfaglegt vegna þess að fjallað er um nútímann, þ.e. lífshætti og viðhorf síðustu tveggja alda, frá mörgum hliðum, s.s. sjónarhóli heimspeki, sagnfræði, bókmenntafræði og ýmissa greina félagsvísinda. Nútímafræði er heppilegur kostur fyrir þá sem vilja af a sér breiðrar menntunar með öfugum grunni í hugvísindum og jafnframt góður undirbúningur fyrir framhaldsnám í ýmsum greinum hug- og félagsvísinda.

## Heilbrigðisdeild

Á haustmisseri 2006 voru samtals 304 nemendur við nám í heilbrigðisdeild. Nám í hjúkrunarfræði stunduðu 130 nemendur á Akureyri og 69 nemendur voru í fjarnámi. Einn nemandi stundaði sérskípulagt nám í hjúkrunarfræði. Á Akureyri voru 63 nemendur í iðjuþjálfun haustið 2006. Í framhaldsnámi í heilbrigðisvísindum voru 17 nemendur í diplómunámi og 22 í meistaranámi. Auk þess stunduðu tveir nemendur meistaranám í hjúkrunarfræði við deildina í samstarfi við Háskólann í Manchester.

Vorið 2006 brautskráðust alls 59 kandidatar frá heilbrigðisdeild

Fastir starfsmenn deildarinnar eru 33, þar af eru fimm ráðnir til Heilbrigðisvísindastofnunar. Auk fastra starfsmanna koma tugir stundakennara að kennslu við deildina. Allir fastir starfsmenn eiga sæti á deildarfundum heilbrigðisdeildar ásamt fulltrúum stundakennara og nemenda.

Rannsóknir kennara deildarinnar eru fjölbreyttar og varða mörg svið heilbrigðisvísinda. Rannsókuð eru m.a. tengsl á milli tíðni keisaraskurða og burðarmálsdauða á Íslandi undanfarnin 15 ár. Unnið er að rannsóknum meðal fólks með sykursýki. Hafa mælitæki verið þýdd og staðfærð og hefur Landlæknisembættið ákveðið að mæla með notkun eins mælitækis við umönnun fólks með sykursýki. Áfram er haldið rannsóknum á hjartastoppum utan sjúkrahúsa. Unnið er að rannsókn á sjúkrafótningum og sjúkraþjónustu í dreifbýli sem er styrkt af Norðurlóðaáætlun Evrópusambandsins. Unnið er að rannsóknum á gerviliðaaðgerðum. Rannsókuð eru áhrif félagslyðfræðilegra þátta á fylgi við brjósttagjöf og aðra mikilvæga næringarráðgjöf. Unnið er að heilbrigðiseftirliti með rannsóknum á fókun vatna á Norðurlandi eystra með það m.a. að markmiði að geta brugðist við mengun vatns. Þá er unnið að rannsóknum á líkamsvirkni eða hreyfingu eldra fólks í dreifbýli og þéttbýli. Áfram er haldið rannsóknum á andlegri líðan krabbameinssjúklinga og tengslum búsetu þeirra við líðan, bjargráð og meðferð. Þá eru rannsóknir í gangi varðandi tengsl tannholdsþólgu og fyrirburafæðinga. Aðrar rannsóknir snúa að fæðingarþunglyndi, foreldrastreitum, geðrækt og þjónustu við geðsjúka. Þá eru rannsóknir í gangi varðandi reynslu sjúklinga af umhyggju og umhyggjuleysi í samskiptum við heilbrigðisstarfsfólk, rannsóknir á reynslu kvenna af heimilisofbeldi og áhrifum þess á heilbrigði og vellíðan, og rannsóknir á átröskun, bæði lýstarstoli og offtu.

Vaxandi áhersla er á notendarannsóknir innan deildarinnar þar sem leitast er við að fá sjónarhorn notenda heilbrigðis-, félags- og menntakerfis á þá þjónustu sem er veitt og hvers konar þjónustu þeir telja sig þurfa. Rannsókuð er m.a. upplifun fólks í atvinnulegri endurhæfingu af þeirri hjálpi



## HEILBRIGÐISDEILD

sem boðið er upp á til að komast aftur til vinnu eða í nám. Áframhald er á rannsóknum er snúa að þjónustu við fötluð börn og foreldra þeirra og upplifun geðsjúkra af þáttum er stuðla að bata. Verið er að skoða upplifun ýmissa hópa af endurhæfngarþjónustu og má þar nefna sem dæmi rannsókn á daglegu lífi kvenna með brjóstakrabbamein og þörfum þeirra fyrir endurhæfngu og stuðning. Rannsóknaverkefni þar sem stöðluð matstæki eru þróuð, þýdd og aðlöguð að íslenskum veruleika eru einnig áberandi innan deildarinnar.

Kennarar deildarinnar tóku virkan þátt í vísindaráðstefnum heima og erlendis á árinu og kynntu rannsóknir sínar í íslenskum og erlendum ritryndum ráðstefnu- og fræðiritum. Deildin gerði á árinu samkomulag við Landlækniseimbættið um þýðingu á alþjóðlega f okkunarkerf nu ICF um færni, fötlun og heilsu og aðlögun þess að íslenskri málhefð og netútgáfu. Þrjú kennarar tóku einnig þátt í alþjóðlegu verkefni um „ICF core sets“ (undirkerf) fyrir fólk með heilablóðfall.

Gott samstarf er um kennara- og nemendaskipti við háskóla á Norðurlöndum, í Bandaríkjunum, Kanada og víðar.

### Málþing og ráðstefnur

Nokkur málþing voru haldin á vegum deildarinnar eða í samvinnu við aðra aðila á árinu. Aðalfundur Samtaka um sár og sármeðferð var haldinn í samvinnu við heilbrigðisdeild 17. mars. Þá var ársþing Skurðlæknafélags Íslands og Svæfng- og gjörgæslulæknafélags Íslands haldið í Háskólanum á Akureyri 31. mars og 1. apríl í samstarf við heilbrigðisdeild. Loks var haldið málþing 7. apríl í tengslum við meistaranámskeiðið Endurhæfng, efng og lífsgæði undir yf rskriftinni Er endurhæfng þjóðhagslega hagkvæm? Málþing, Ný sýn á þjónustu við fatlað fólk, fór fram 8. nóvember í tengslum við meistaranámskeiðið Fötlun og samfélag. Þá var haldin ráðstefna á FSA 24. nóvember um vísindarannsóknir á vegum Heilbrigðisvísindastofnunar og FSA.

### Hjúkrunarfræði

Nám í hjúkrunarfræði er 120 einingar, tekur fjögur ár og lýkur með B.S. gráðu. Markmið námsins er að búa nemendur undir að gegna almennum hjúkrunarstörfum svo og stjórnunar- og fræðlustörfum á f estum sviðum heilbrigðisþjónustu. Námið skiptist í raunvísindi, hug- og félagsvísindagreinar og hjúkrunarfræðigreinar.

Beita hefur þurft fjöldatakmörkunum í hjúkrunarfræði undanfarin ár vegna skorts á námsplássum í klínisku námi. Haustið 2006 fékk háskólinn heimild stjórnvalda til að fjölga námsplássum um tíu og nú er miðað við 48 nemendur árlega. Klínískt nám hefst strax á fyrsta ári. Fer það fram víða um land og tekur samtals 24 vikur.

Heilbrigðisdeild hefur haft að markmiði að hverjum árgangi í heimanámi í hjúkrunarfræði fylgi hópur fjarnema. Miðað er við að a.m.k. 10 nemendur hefji námið hverju sinni. Haustið 2006 eru 17 fjarnemar á fjórða ári á Akranesi og á þriðja ári er f mm nemenda hópur á Ísaf rði, á öðru ári eru 22 nemendur í fjarnámi í Reykjanesbæ og á haustmisseri fyrsta árs stundaði 25 manna hópur nám á Selfossi. Vorið 2006 brautskráðust níu nemendur sem höfðu stundað fjarnám í Vestmannaeyjum.

Í janúar og febrúar stundaði einn nemandi hjúkrunarfræðibrautar skiptinám í Danmörku. Þrjú er-



## HEILBRIGÐISDEILD



lendir skiptinemar stunduðu verknám á vegum heilbrigðisdeildar í janúar, febrúar og mars. Haustið 2006 stundaði einn nemandi á hjúkrunarfræðibraut skiptinám í North Park University í Bandaríkjunum. Tveir erlendir skiptinemendur stunduðu verknám á vegum heilbrigðisdeildar í ágúst og september og aðrir tveir í október til desember.

Gerður var samningur 7. júní um klíniska kennslu í hjúkrunarfræði og rannsóknir milli Háskólans á Akureyri og Landspítala-háskólasjúkrahúss (LSH).

Heilbrigðisdeild býður hjúkrunarfræðingum með próf úr Hjúkrunarskóla Íslands að ljúka B.S. námi við deildina.

### Iðjuþjálfun

Nám í iðjuþjálfun er 120 einingar, tekur fjögur ár og lýkur með B.S. gráðu. Markmið námsins er að búa nemendur undir að gegna margvíslegum störfum er tengjast iðjuþjálfun innan heilbrigðis- og félagsþjónustukerfsins, auk þess að veita góða undirstöðu í stjórnun og skipulagningu þjónustu.

Námið skiptist í raunvísindi, hug- og félagsvísindagreinar, heilbrigðisvísindi og iðjuvísindi. Vettvangsnám er 25 vikur og hefst í lok 2. námsárs.

Meginmarkmið iðjuþjálfunarbrautar er að miðla til nemenda þeirri þekkingu, viðhorfum og færni sem er í takt við stöðu og þróun iðjuþjálfunar á hverjum tíma og stuðlar að gæðþjónustu fyrir neytendur. Lögð er áhersla á að samþætta hinar ýmsu greinar námsins þannig að nemendur öðlist sem djúpstán skilning á samspili iðju, manns og umhverfs. Iðjuþjálfar frá Háskólanum á Akureyri eiga að vera faglega færir um að takast á við margvísleg verkefni á sviði iðjuþjálfunar innan heilbrigðis-, félags- og skólþjónustu.

Ekki er hægt að nema iðjuþjálfun annars staðar hér á landi. Lögð er áhersla á að mennta iðjuþjálfara til framfarstarfarfa um allt land. Námið tekur mið af þörfum íslenska heilbrigðiskerfsins, jafnframt því að mæta alþjóðlegum staðli. Lögð er áhersla á að nemendur séu virkir þátttakendur í faglegri þróun og samstarf bæði hér á landi og á alþjóðlegum vettvangi.

Tveir erlendir skiptinemendur í iðjuþjálfunarfræðum stunduðu vettvangsnám á vegum heilbrigðisdeildar á LSH á árinu, annar í desember og hinn í janúar og febrúar. Vettvangsnám iðjuþjálfunarbrautar fer að öllu jöfnu fram á LSH og FSA.

Heilbrigðisdeild býður iðjuþjálfum með starfsréttindapróf frá erlendum skólum upp á að ljúka B.S. námi við deildina.

### Framhaldsnám í heilbrigðisvísindum

Haustið 2003 hófst 60 eininga meistaranám í heilbrigðisvísindum við deildina. Námið byggir á þverfaglegum grunni. Það samanstendur af 30 einingum í námskeiðum og meistarařitgerð sem er 30 einingar. Námið veitir prófgráðuna M.Sc. í heilbrigðisvísindum. Einnig er hægt að ljúka 30 eininga diplómunámi sem veitir Dipl. Sc. í heilbrigðisvísindum.

Leiðarljós í skipulagi meistaranáms í heilbrigðisvísindum er þverfagleg áhersla á heilsu, virkni og vellíðan. Þetta leiðarstef hefur gefið tilefni til áhugaverðra rannsóknaverkefna í tengslum við meistaranámið. Fyrsti nemandinn lauk því námi í júní 2006.

### Framhaldsnám í ljósmóðurfræði

Í gildi er samningur um framhaldsnám fyrir hjúkrunarfræðinga í ljósmóðurfræði milli Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Fjórðungssjúkrahúsins á Akureyri. Haustið 2006 hófu tveir hjúkrunarfræðingar þetta nám á Akureyri.

### Heilbrigðisvísindastofnun

Grundvöllur Heilbrigðisvísindastofnunar Háskólans á Akureyri var ef dur á árinu með ráðningu tveggja nýrra starfsmanna. Dr. Björn Gunnarsson læknir og dr. Brynjólfur Ingvarsson læknir voru ráðnir í lektorsstöður til þriggja ára. Við stofnunina er nú setin ein prófessorstaða, ein dósentstaða og tvær lektorsstöður.

Þann 24. nóvember efndu Heilbrigðisvísindastofnun, heilbrigðiseild og FSA til málstofu um vísindarannsóknir með það að markmiði að hvetja til frekari rannsókna og kynna þær rannsóknir sem unnar hafa verið á stofnununum. Samhliða málstofunni var sett upp veggspjaldakynning á rannsóknum starfsmanna stofnananna.

Gengið var frá kaupum á léninu [www.hha.is](http://www.hha.is) og samið við Háskólann á Akureyri um hýsingu, rekstur og þjónustu.

Meginverkefni stofnunarinnar á árinu var vinna við heilsuklasa Vaxtarsamnings Eyjafjarðar samkvæmt verksamningi við Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar. Afrakstur þess starfs er m.a. stofnun Starfsendurhæfngar Norðurlands sem hefur það hlutverk að veita starfsendurhæfngu þeim einstaklingum sem vegna veikinda, slysa og félagslegra erfðleika eru að vinna að endurkomu út á vinnumarkaðinn.

## Kennaradeild

Við kennaradeild var boðið upp á nám á þremur brautum á haustmíssi 2006, leikskólabraut, grunnskólabraut og framhaldsbraut. Alls var 421 nemandi skráður í deildina, þar af 144 á leikskólabraut, 154 á grunnskólabraut og 123 á framhaldsbraut, þar af 24 í kennslufræði til kennsluréttinda, 52 í diplómanám og 47 í framhaldsnám til meistargráðu. Vorið 2006 brautskráðist 151 kandida frá kennaradeild.

Fastir starfsmenn við kennaradeild eru liðlega 20, um 50 stundakennarar og um 140 leik- og grunnskólakennarar víðs vegar um land sem veita nemendum leiðsögn í vettvangsnámi og æfngakennslu.

Kennaradeild tók til starfa árið 1993. Boðið var upp á þriggja ára grunnskólakennaranám. Haustið 1994 voru í fyrsta sinn teknir inn nemendur í nám til kennsluréttinda og Haustið 1996 hófst leikskólakennaranám. Á árinu 2001 var skipulagi deildarinnar breytt og henni skipt í þrjár brautir: grunnskólabraut, leikskólabraut og framhaldsbraut og deildarráð varð til. Haustið 2000 var í fyrsta sinn boðið upp á tveggja ára meistaranám. Farið var af stað með námskeið fyrra árs og á haustmíssi 2002 var síðan boðið upp á síðara árið. Sama ár var ákveðið að skólaþróunarsvið sem áður



var hluti af RHA yrði starfseining í kennaradeild.

Skipulag deildarinnar hefur reynst vel. Brautir starfa undir stjórn brautarstjóra. Brautarfundir eru grunneingar deildarinnar og bera ábyrgð á námi og skipulagi þess. Deildarráð starfar í umboði deildarfundar, hefur umsjón með rekstri deildarinnar og fjárhagsstöðu og fjallar um málefni nemenda.

Gróska er í rannsóknastarfsemi og sinna kennarar rannsóknum á mörgum sviðum menntunarfræða, skólastarfs og menntastjórnunar, margir í samstarf við innlenda og/eða erlenda aðila og nokkrir kennarar eru þátttakendur í fjölþjóðlegum menntanetum. Erlendir skiptikennarar sóttu deildina heim, nokkrir nemendur kennaradeildar voru skiptinemar við erlenda háskóla og erlendir skiptinemar stunduðu nám við kennaradeild.

Á árinu 2006 hélt áfram endurskipulag kennaranáms í deildinni og frá og með hausti 2006 tók gildi nýtt skipulag á grunnbrautum deildarinnar. Helsta breytingin er að boðið er upp á valsvið á leikskólakennarabraut.

### Grunnskólabraut

Boðið er upp á 90 eininga, þriggja ára B.Ed. nám í grunnskólakennarafræði. Í námi á grunnskólabraut er fjallað um kennslugreinar grunnskólans og kennslufræði þeirra ásamt uppeldisgreinum sem kennurum eru nauðsynlegar. Sérstök rækt er lögð við verklega þjálfun kennaraefna með löngu samfelldu vettvangsnámi og efngu gagnrýnnar hugsunar. Á fyrsta ári sækja allir nemendur sömu námskeið en eftir það eru í boði fjögur kjörsvið: nám og kennsla yngri barna, íslenska – mál og menning, náttúruvísindi og stærðfræði, og listir sem kenndar eru í samvinnu við leikskólabraut.

Nám í nútímafræði, sjá félagsvísinda- og lagadeild, er metið sem ígildi kjörsviðs á grunnskólabraut.

Kennsla á grunnskólabraut fer bæði fram í staðarnámi og fjarnámi. Námskeiðslysingar eru þær sömu og fjöldi námseininga sá sami. Náms tíma í fjarnámi er deilt á fjögur ár í stað þriggja í reglubundnu staðarnámi. Í fjarnámi er aðeins ein námsleið, þ.e. ekki er val um kjörsvið.

### Leikskólabraut

Boðið er upp á 90 eininga, þriggja ára B.Ed. nám í leikskólakennarafræði. Á leikskólabraut eru kennd leikskólafræði, listir, uppeldisgreinar og umhverfs- og náttúrufræði. Áhersla er lögð á vettvangsþjálfun í leikskólum. Í náminu er lögð áhersla á starfshætti leikskólans og gildi leiks sem náms- og þroskaleiðar barna, umhverf og náttúru og sömuleiðis er lögð rækt við listir og tengsl þeirra í milli og við aðra þætti í leikskólastarf. Einnig er lögð áhersla á að nemandi geti séð tengsl á milli ólíkra þátta í leikskólastarf og tengt þá fræðilegri þekkingu.

Nokkur námskeið á fyrsta og öðru ári eru samkennd með grunnskólabraut. Nemendur geta valið um fjögur kjörsvið: Listir, náttúruvísindi, hugvísindi og einstaklingssniðið nám.

Kennsla á leikskólabraut fer einnig fram í fjarnámi. Námskeiðslysingar eru allar þær sömu og í reglubundnu námi og fjöldi námseininga sá sami. Náms tíma er deilt á fjögur ár í stað þriggja og hverju ári skipt niður á þrjú kennslumíssi í stað tveggja.



### Framhaldsbraut

Á framhaldsbraut eru tvær námsleiðir.

Diplómu- og meistaranám er ætlað kennurum, þroskaþjálfum og öðrum sem vilja leggja stund á rannsóknir eða önnur störf sem krefjast framhaldsmenntunar og einnig þeim sem vilja auka þekkingu sína í núverandi starf. Í boði voru sérsvið um sérkennslufræði og stjórnun skólastofnana, auk almenns náms og einstaklingsnáms. Unnt er að stunda 15 og 30 eininga diplómunám (Dipl. Ed.) og 60 eininga meistaranám (M.Ed.). Leiðarstef námsins eru gagnrýn hugsun og ígrundað starf. Námið var endurskoðað á árinu 2006 og tekur ný námskrá gildi á árinu 2007 þar sem m.a. er gert ráð fyrir námi í lestrarfræðum.

Nám í kennslufræði til kennsluréttinda er ætlað þeim sem lokið hafa háskólanámi, listnámi eða hafa meistaráttindi í iðngreinum, o.f. Markmið námsins er að mennta þá sem lokið hafa námi í faggrein sinni í uppeldis- og kennslufræðum. Námið er ýmist 15 einingar sem teknar eru á einu skólaári eða 30 einingar sem dreifast á tvö ár. Inntaka nemenda og kröfur um einingafjölda til kennsluréttinda fara eftir lögum nr. 86/1998 um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra. Nemendur á fyrsta námsár voru ekki teknir inn haustið 2006 og með nýrri námskrá sem tekur gildi 2007 fýst námið á meistaráttig.

### Skólaþróunarsvið

Við kennaradeild er starfrækt skólaþróunarsvið sem hefur efst jafnt og þétt. Sviðið er farvegur þekkingar út í hið daglega skólastarf, en meginviðfangsefni þess lúta að ráðgjöf við kennara og skólastjóra í leik- og grunnskólum við hvers konar þróunar- og umbótastörf í skólum. Sviðið hefur forgöngu um að kynna kennurum nýjungar á sviði skóla- og kennslumála, stendur fyrir rannsóknum á skólastarf og annast fræðslu til starfandi kennara.

Skólaþróunarsvið hefur með höndum sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla á Akureyri og víðar á Norðurlandi. Auk þessa hefur á vegum skólaþróunarsviðs verið unnið að skólatengdum verkefnum víða um land, allt frá stuttum fræðslufundum til verkefna sem staðið hafa yfir heilt skólaár. Í aprilmánuði ár hvert stendur skólaþróunarsvið fyrir ráðstefnu um eitthvert tiltekið viðfangsefni og fær fyrirlesara víða að sem gert hafa sig gildandi á fræðasviðinu.

Starfsemi skólaþróunarsviðs hefur orðið æ mikilvægari þáttur í starfsemi kennaradeildar. Innan sviðsins hefur orðið mikil uppbygging margvíslegrar þekkingar, t.d. um samskipti heimilis og skóla og lestur og lestrarkennslu. Á árinu 2006 vann skólaþróunarsvið að ýmsum skólaþróunarverkefnum ásamt kennurum og skólastjórum í leik- og grunnskólum víða um land. Verkefni beindust einkum að lestrarkennslu, foreldrasamstarf, vinnu með yngstu börnum í leikskólum, einstaklingsmiðuðu námi, almennri skólaþróun og firi þáttum. Skólaþróunarsvið veitti kennurum leik- og grunnskóla einstaklingsbundna kennsluráðgjöf, ráðgjöf við innra mat og fræðslu af ýmsu tagi.

Auk forstöðumanns eru fjórir fastir starfsmenn á skólaþróunarsviði en fjólmargir aðrir starfsmenn vinna við einstök verkefni á vegum þess og eru kennarar kennaradeildar meðal þeirra.

Forstöðumaður skólaþróunarsviðs er Trausti Þorsteinsson.



Í nóvember 2005 ákvað háskólaráð að sameina viðskiptadeild, upplýsingatæknideild og auðlinda-deild í eina deild með heitinu viðskipta- og raunvísindadeild. Markmiðið með sameiningunni var að búa til deild sem væri öf ugri heild: bæði fræðilega og rekstrarlega. Formleg sameining deildanna fór fram þann 1. júní 2006.

Vorið 2006 voru nemendur brautskráðir frá sínum gömlu deildum; 25 nemendur voru brautskráðir frá auðlinda-deild, 12 frá upplýsingatæknideild og 50 frá viðskiptadeild.

Samtals voru 464 nemendur við deildina við upphaf skólaárs haustið 2006 sem skiptust þannig að í viðskiptafræðum voru 334 nemendur, í tölvunarfræðum voru 33 nemendur og í auðlindafræðum voru 97 nemendur. Boðið var upp á nám á þremur fræðasviðum, auðlindafræði, viðskiptafræði og tölvunarfræði, með samtals 10 námsgráðum. Í nýrri sameinaðri deild starfa 42 kennarar, sérfræðingar og aðstoðarfólk.

Hin nýja deild fór vel af stað og var starfsemi fjölbreytt og öf ug strax á fyrsta starfsári hennar. Byggt var að sjálfsögðu á þeim fjölbreyttu verkefnum sem hinar þrjár deildir unnu áður. Hafst var handa við að koma á fastmótuðu skipulagi og hefja stefnumótunarvinnu nýrrar deildar. Þá hefur mikil vinna farið fram á tímabilinu við að endurskoða námsgráður og undirbúa umsókn um viðurkenningu á fræðasviðum deildarinnar. Í þeim tilgangi var meðal annars haldin námstefna um hvernig byggja eigi upp námskeið og skrifa námsmarkmið fyrir bæði námsgráður og einstök námskeið. Var námskeið þetta haldið af dr. Derek Cox frá Háskólanum í Leicester og þótti takast einstaklega vel og leiddi það meðal annars af sér að nú er stefnt að útgáfu handbóka fyrir allar námslínur deildarinnar.

Kennarar í viðskiptadeild hafa á undanföllum árum verið afkastamiklir við rannsóknir og ritstörf á eftirtöldum sviðum: fjármálum og fjármálamörkuðum, ferðaþjónustu, markaðsfræði, stefnumótun, stjórnun og rekstri fyrirtækja og norrænum vinnuörkuðum. Rannsóknir þeirra hafa birst í bókum, íslenskum og erlendum fræðitímaritum og safnitum. Kennarar deildarinnar eiga í margvíslegum samskiptum og samstarf við erlendar stofnanir og vísindamenn. Nemendur hafa sótt nám erlendis að hluta á vegum Erasmus og Nordplus. Viðskiptadeild Háskólans á Akureyri gegndi leiðandi hlutverki í Leonardo verkefninu Cross-cultural curriculum for European Regions and their Students (CEReS). Verkefnið hófst 2004 og stóð í rúm tvö ár. Þátttakendur voru háskólar í fjórum Evrópulöndum, sem eru, auk Íslands, Búlgaría, Pólland og Svíþjóð, svo og breska rannsóknarfyrirtækið InterAct og Útf utningsráð Íslands.

### Auðlindafræði

Auðlindafræði skiptist í þrjár meginlínur: sjávarútvegs- og fiskeldislinu, umhverfs- og orkulínu og líftækni. Boðið var upp á B.S. nám í staðarnámi og fjarnámi. B.S. námið tekur þrjú ár og er samtals 180 námseiningar (ECTS). Nemendur stunduðu meistaranám í sjávarútvegsfræðum og fyrstu nemendurnir hófu meistaranám í auðlindafræði haustið 2006.

Sérstaða HA hefur frá upphaf markast af áherslu á nýtingu náttúruauðlinda. Auðlinda-deild er eina deildin innan íslenskra háskóla sem hefur lagt áherslu á hið þverfaglega svið auðlindafræða, þar sem saman fara nám og rannsóknir í raunvísindum og tæknigreinum samhliða áherslum á auðlindahagfræði og viðskiptafræði. Slík menntun er forsenda góðrar auðlinda-stjórnunar og skipulags og yfir undir sjálfbæra nýtingu auðlinda og verðmætasköpunar. Með sameiningu deild-



## VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDAEILD

anna opnast nýir möguleikar til að þróa þessa sérstöðu en einnig til að styrkja raunvísindanám við HA til lengri tíma lítið.

Auðlindafræðasvið er í nánú samstarfi við fjölda fyrirtækja og rannsóknastofnana hérlendis og má þar nefna Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun fskíðnaðarins, Hólaskóla, Landsvirkjun, Íslenskar orkurannsóknir, Náttúrufræðistofnun, Vatnamælingar Orkustofnunar, Veðurstofu Íslands, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, Landmælingar Íslands, Iðntæknistofnun, Umhverfisstofnun, Norðurorku, Exorku, Sæplast, og sjávarútvegssvæðisráðgjafi Samherja, Brim, FISK Seafood og SERO. Verið er að koma á svipuðum tengslum við ýmsar erlendar rannsóknastofnanir og háskóla á fræðasviðum deildarinnar. Einnig hefur auðlindaeild verið í samvinnu við Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna um kennslu og leiðbeiningu nemenda sjávarútvegsskólans.

Rannsóknir eru snar þáttur í starfsemi sviðsins og voru sérfræðingar þess mjög ötulir við að af styrkja til rannsókna á árinu 2006 og var heildarupphæð styrkja vel yfir 70 milljónir króna.

Rannsóknir sviðsins spanna vítt svið auðlindafræða. Meðal rannsókna í sjávarútvegi má nefna hafrannsóknir, fskalíffræði, veiðarfræðarannsóknir, efna- og örverufræði f ska (gæði og öryggi), vinnslutækni og hagrænar rannsóknir. Meðal rannsókna í líftækni má nefna lífefnaleit, orkulíftækni, fskeldislíftækni, kerfslíffræði og rannsóknir á virkum íblöndunarefnum. Í umhverfiss- og orkufræðum má nefna auk hafrannsóknna ýmsar rannsóknir á grunnvatni, gerð og uppruna þess. Einnig nýtingu jarðvarma til heilsutengdrar ferðamennsku.

Við tækjast bættust nokkur mikilvæg rannsóknatæki svo sem: innrauður og útfjólublár litrófsmælir, seigjumælir, litamælir, hitasírtar og „pilot-scale“ hverfssvali til rannsókna í líftækni, sjávarútvegs- og matvælafræði. Tæki til sjálfvirkra umhverfismælinga (titrator) og tæki til jarðskjálftaforspár með efnavökun.

### Líftækni

Innan líftækni eru kennd sérhæfð námskeið á sviði auðlindalíftækni ásamt viðskiptagreinum með það að markmiði að gera nemendur eftirsóttá til starfa á ýmsum sviðum líftækninnar. Megináherslur B.S. náms í líftækni eru í fyrsta lagi á sviði umhverfiss- og orkulíftækni, m.a. niðurbrot lífræns úrgangs og nýmyndun orkuríkra efna, s.s. vetnis, metans og etanóls. Í öðru lagi er áhersla á líftæknilega þætti fskeldis, m.a. á heilbrigði og fæðing og í þriðja lagi á sviði lífvirkra efna þar sem lögð er áhersla á framleiðslu efna sem bæta heilsu manna, t.d. efni með lyfjavirkni, fæðubótarefni, aukaefni í matvælum og efni sem bæta ónæmiskerfið. Lögð er rík áhersla á að kynna nemendum líftæknilegar aðferðir við að nýta auðlindir með nýjum hætti og koma afurðum slíkrar þróunar á markað.

Af sérnámskeiðum má nefna: erfðafræði og sameindaerfðafræði, sjávarlíftækni, líftæknilega örverufræði, matvælafræði og matvælavinnsla, næringarfræði, veirufræði, náttúrulegar afurðir, nýmyndun og niðurbrot gena- og gagnasófn og gæðaframleiðsluferli. Auk fastra kennara deildarinnar koma sérfræðingar ýmissa fyrirtækja að kennslunni og ber sérstaklega að nefna sérfræðinga frá líftækni-fyrirtækjunum Prokaria og Primex.

### Sjávarútvegur og fskeldi

Boðið er upp á tvær námslínur á þessu sviði, þ.e. sjávarútvegsfræði og fskeldi.

Í B.S. námi í sjávarútvegsfræðum er áhersla lögð á ýmsa séráfanga, s.s. sjávarlíffræði, fskífræði



## VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDAEILD

og matvælafræði f ska, stofnstærðarfræði, fskeldi, vinnslutækni, skipatækni og veiðitækni. Valnámskeið eru m.a. hagnýt haffræði, matvælavinnsla og fskihagfræði. Mikil áhersla er lögð á nána samvinnu við fyrirtæki og stofnanir innan sjávarútvegsins. Deildinni standa einnig til boða afnot af rannsóknabátum Einari í Nesi til kennslu og sýnatöku í Eyjaf rði, en báturinn er í elgu útibús Hafrannsóknastofnunar á Akureyri, að ögleymdri fullkominni neðansjávarmyndavél með öllum tilheyrandi tækjabúnaði, þ.m.t. kafbáti með gripörpum til sýnatöku, ljósabúnaði, sönartæki, fjarstýringarbúnaði og ljósleiðarakapli.

B.S. nám í fskeldi er hliðstætt náminu á sjávarútvegssviði en séráfangar eru m.a. fskeldi, eldistækni, fsksjúkdómar, fskalífisfræði, fæðing og hræfnisfræði og matvælafræði f ska. Fiskeldissvið nýtur einnig góðs af nánú samstarfi við Rannsóknastofnun fskíðnaðarins sem er með rannsóknaraðstöðu við háskólann og við fskeldisdeild Háskólans á Hólum. Nemendur sjávarútvegs- og fskeldisbrautar geta því tekið valnámskeið í fskeldisgreinum við Hólaskóla. Skólarnir samnýta aðstöðu og tækjabúnað til kennslu og rannsókna og nýtur HA góðs af sérhæfðri rannsóknaraðstöðu í eldi ferskvatns- og sjávarlíffvera að Hólum í Hjalatal og á Sauðárkróki.

### Umhverf og orka

Í B.S. námi í umhverfssfræðum er lögð áhersla á vistfræði, efnafræði, vatnafræði, áhrif mengunar á umhverf, auðlindanýtingu og auðlindastjórnun svo og umhverfsmat og umhverfsskipulag. Leitast er við að nemendur þekki til helstu ferla í náttúrunni þannig að þeir geti metið aðstæður í náttúrunni og áhrif þjóðfélagsins á umhverf sitt. Lögð er áhersla á vettvangsathuganir í Eyjaf rði og Þingeyjarsýslum en einnig er skógræktar- og rannsóknarjörðin Végeirsstaðir í Fnjóskadal nýtt til vettvangsrannsókna. Megináherslur á orkusviði verða á nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa, þ.m.t. jarðvarma, vatnsafs, sólarorku, vindorku, sjávarfallaorku, lífmassa o.f. auk áherslu á efnarafala og þá sérstaklega á vetni sem orkubera.

Háskólinn á Akureyri hefur gert samstarfssamninga við ýmsar stofnanir og Akureyrarbæ um rannsóknir og fræðslu á sviði náttúruvísinda, orkurannsóknna og auðlinda- og umhverfssfræða ásamt því að skapa nemendum háskólans í grunn- og framhaldsnámi aðstöðu til að vinna að verkefnum á viðkomandi rannsóknarstofnunum.

### Meistaránám í auðlindafræðum

M.S. nám í auðlindafræðum er alþjóðlegt rannsóknánám á eftirtöldum fmm fræðasviðum: umhverfssfræði, orkufræði, líftækni, sjávarútvegsfræði og fskeldisfræði. Þessi fræðasvið endurspeglar faglega sérstöðu, bæði hvað varðar kennslu og rannsóknir. Ekki verða teknir inn feiri meistaranemar á hverju ári en hægt er að veita viðunandi starfsaðstöðu og tryggja fjármagn í tengslum við meistaraverkefni.

Námið er einstaklingsmiðað og er megináhersla lögð á meistaraverkefnið og að nemendur tileinki sér vísindaleg vinnubrögð. Námið tekur tvö ár og er 60 einingar þar af er sjálft meistaraverkefnið 30-45 einingar.

Námskeiðshluta meistaranámsins tekur nemandinn að hluta við HA, við aðra innlenda háskóla ef kostur er, og við erlenda rannsóknaháskóla samkvæmt ákvörðun meistaraþrófnefndar hverju sinni.

Námið fer fram á ensku og býður það upp á stóruka möguleika í tengslum við kennslu- og rannsóknasamstarf við erlenda rannsóknaháskóla og rannsóknastofnanir, m.a. Erasmus Mundus samstarf ESB, háskóla á Norðurlöndunum, og samstarf við háskóla í Norður- Ameríku og víðar.

### Tölvunarfræði

Boðið er upp á 90 eininga, þriggja ára nám í tölvunarfræðum. Allt nám í tölvunarfræðum er kennt á ensku og í boði fyrir innlenda og erlenda nemendur. Nemendur koma m.a. frá Þýskalandi, Rússlandi, Kína og Pakistan. Starfsfólk tölvunarfræða kemur líka víða að; þar á meðal frá Rússlandi, Kína, Kanada, Bretlandi og Íslandi. Tölvunarfræðasviðið hefur því yfir sér mjög fjölbjóðlegt yfirbragð þar sem saman koma sérfræðingar með ólíkan bakgrunn en sameiginlegan metnað til þess að bjóða upp á fyrsta og okkult alþjóðlega viðurkennt háskólanám.

Síðastliðin þrjú ár hefur tölvunarfræði við HA haft erlendan ráðgjafa sem rýnir í námskrár, kennsluáætlanir og próf sem lögð eru fyrir nemendur. Dr. Graham Hutton frá Háskólanum í Nottingham kom í sína árlegu heimsókn í maí og staðfesti að deildin stæðist alþjóðlegan samanburð bæði hvað varðaði námsefni og efnistöð. Þetta var lokaheimsókn hans og hefur aðstoð hans við að byggja upp nám sem stenst alþjóðlegan samanburð verið ómetanleg.

Í janúar tók fræðasviðið þátt í að styra námskeiði í „cognitive“ fræðum við Háskólann í Compiègne, Frakklandi. Námskeiðið var stutt af ERASMUS áætluninni og er hluti af samvinnuverkefni nokkurra evrópskra háskóla. Í febrúar komu síðan 40 nemendur og kennarar frá Evrópu til þess að taka þátt í námskeiði um „New Perspectives on Cognition“ hér við Háskólann á Akureyri. Námskeið þetta var nýtt bæði af nemendum tölvunarfræða sem og félagsvísinda- og lagadeildar.

Kennarar í tölvunarfræðum hafa tekið virkan þátt í ERASMUS kennaraskiptum og á þessu ári fór einn kennari til Háskólans í Brussel og stundaði kennslu þar tímabundið.

Á vormisseri barst tölvunarfræðum að gjöf tölvubúnaður sem notaður er við rannsóknir á „grid computing“ og tölvuklösum. Einn starfsmaður deildarinnar stundar nú doktorsnám og sérhæfir sig í rannsóknum á þessu sviði.

Tölvunarfræðin hafa lagt mikla áherslu á tengsl við erlenda háskóla. Virkum tengslum við háskóla á Englandi hefur verið haldið við (Háskólinn í Nottingham og Robert Gordon háskólinn) en því til viðbótar hefur verið komið á virkum tengslum við Tækniháskólann í Compiègne í Frakklandi og Háskólann í Brussel, Belgíu.

En þó mikil áhersla sé lögð á erlend tengsl hefur starfsfólk deildarinnar einnig unnið með innlendum aðilum. Þar á meðal má nefna samstarfsverkefni við Íslenskar Orkurannsóknir (ISOR) og fyrirtækið Teikn á lofti.

### Viðskiptafræði

Starfsemi viðskiptafræða á árinu 2006 var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Boðið var upp á þriggja ára 90 eininga B.S. nám í viðskiptafræðum, bæði í staðarnámi og fjarnámi. Um 70% nemenda eru í fjarnámi. Námið var skipulagt í fjórum námsleiðum: ferðaþjónustu, fjármálum, stjórnun og markaðsfræðum.



Nemendur skiptast þannig á námsbrautir og milli staðar- og fjarnema.

	Staðarnemar	Fjarnemar	Alls
Viðskiptafræði - Ferðaþjónusta	9	14	23
Viðskiptafræði - Fjármál	26	79	105
Viðskiptafræði - Stjórnunarfræði	32	95	127
Viðskiptafræði - Markaðsfræði	30	44	74
<b>Samtals</b>	<b>93</b>	<b>205</b>	<b>298</b>

### Ferðaþjónusta

Auk almenns viðskiptanáms er lögð áhersla á að mennta fólk til stjórnunarstarfa í ferðaþjónustu. Kennend eru námskeið um skipulag ferðamannastaða, áhrif ferðaþjónustu á samfélagið og umhverfið, lög og reglur í ferðaþjónustu og neytendahegðun í ferðaþjónustu.

### Fjármál

Auk almenns viðskiptanáms er lögð áhersla á að mennta fólk til að gegna ábyrgðarstöðum í fjármála-fyrirtækjum. Mikilvægar námsgreinar eru bókhald, tölfræði, hagrannsóknir, hagnýt stærðfræði, þjóðhagfræði, skattaskil og námskeið í fjármálum þar sem m.a. er fjallað um fjármálamarkaði, af eitur og alþjóðafjármál.

### Stjórnun

Auk almenns viðskiptanáms er lögð áhersla á að mennta fólk til að gegna stjórnunarstörfum í fyrirtækjum. Fjallað er m.a. um stefnumótun, stjórnun skipulagsheilda, mannauðsstjórnun og gæðastjórnun.

### Markaðsfræði

Auk almenns viðskiptanáms er lögð áhersla á að mennta fólk til markaðsstarfa. Fjallað er m.a. um auglýsinga- og kynningarmál, þjónustumarkaðsfræði, neytendahegðun, boðmiðlun og markaðs-rannsóknir.


Starfsmenn viðskiptafræða á árinu 2006 voru 18 í 13,7 stöðugildum (virk stöðugildi eru hins vegar mun færri). Auk fastra kennara komu fjölmargir stundakennarar að kennslu og handleiðslu nemenda.

Á árinu var framhaldið samstarf við Simenntun. Rekstrar- og viðskiptanámið, námskeið fyrir sveitarstjórnarmenn og námskeið fyrir starfsmenn og þátttakendur í launþegafélögum hafa að mestu verið kennd af starfsmönnum viðskiptadeildar.



## KENNSLUSVIÐ


### Lögheimili nemenda á haustmisseri 2006



### Nemendafjöldi eftir deildum

Deild	2002			2003			2004			2005			2006		
	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls
Auðlinda- og lagadeild	35	31	66	59	33	92	63	54	117	49	51	100	96	152	248
Félagsvísinda- og lagadeild				51	60	111	76	115	191	93	152	245	96	152	248
Heilbrigðisdeild	6	210	216	5	319	324	4	308	312	10	306	316	10	294	304
Kennaradeild	63	382	445	54	434	488	76	480	556	80	458	538	50	371	421
Viðskiptadeild	135	159	294	141	221	362	109	190	299	90	208	298			
Viðskipta- og raunvísindadeild													179	285	464
Sjávarútvegsdeild	12	1	13	3	0	3	0	0	0	0	0	0			
Upplýsingatæknideild	28	7	35	38	12	50	36	5	41	21	3	24			
<b>Samtals</b>	<b>279</b>	<b>790</b>	<b>1069</b>	<b>351</b>	<b>1079</b>	<b>1430</b>	<b>364</b>	<b>1152</b>	<b>1516</b>	<b>343</b>	<b>1178</b>	<b>1521</b>	<b>335</b>	<b>1102</b>	<b>1437</b>

### Nemendafjöldi eftir deildum



Meginmarkmið kennslusviðs er að tryggja gott skipulag á daglegu starfi háskólans ásamt því að veita nemendum og starfsfólki almennar upplýsingar og þjónustu.

Fulltrúar á kennslusviði annast m.a. almenna afgreiðslu og upplýsingagjöf, símsvörum, útgáfu vottorða og innkaup og afgreiðslu á skrifstofuvörum fyrir starfsfólk háskólans.

Kennslusvið annast jafnframt innritun nýnema og skráningu nemenda í og úr námskeiðum og prófum.

Deildarskrifstofur háskólans heyra undir kennslusvið. Þeirra hlutverk er að annast skipulag á daglegu starfi í kennsludeildum háskólans í samstarfi við deildarforseta. Í þessu felst m.a. frágangur á nám- og kennsluskrá og kennsluskiptingu, stundarskrágerð, skráning upplýsinga um námsframvindu nemenda og prentun prófskrifteina.

Skipulag og umsjón prófahalds fer fram á kennslusviði undir stjórn prófstjóra. Prófstjóri gefur út próftöf ur og hefur yfirsýningu með prófahaldi, einkunnaskilum og skráningu einkunna. Prófatímabil eru fimm talsins. Reglulegar próftíðir eru í desember og maí, sjúkra- og endurtökupróf eru í byrjun janúar- og júnímánaðar, loks gefst nemendum tækifæri til þess að þreyta próf í öllum námskeiðum skólaársins í ágúst.

Námsráðgjaf heyra undir kennslusvið. Markmið starfsins er í meginráttum þrjúþætt að leiðbeina núverandi og væntanlegum nemendum háskólans um val á námi. Að veita einstaklingum og hópum leiðsögn á meðan á námi stendur, ekki síst um námstækni og bætt vinnubrögð í námi. Að veita nemendum persónulega ráðgjöf, m.a. varðandi námsframvindu og einkalíf.

Á vegum námsráðgjafar voru haldin tvö námskeið á haustmisseri 2006. Annars vegar var um að ræða 8 tíma námskeið um námstækni og vinnubrögð í námi. Kennari var Solveig Hrafnadóttir námsráðgjaf. Hins vegar var boðið upp á sex tíma námskeið um prófkviða. Kennari á prófkviðanámskeiðinu var Elín Dianna Gunnarsdóttir sálfræðingur. Námskeiðahald þetta er liður í að auka þjónustu við nemendur HA og auka færni þeirra til náms.

Á haustdögum 2006 var hleypt af stökkinum samvinnuverkefni á vegum námsráðgjafar og FSHA – Félags stúdenta við Háskólann á Akureyri. Verkefnið fékk nafnið „smiðjurnar“ en það var tilraun til að þýða enska heitið Workshop. Verkefnið hefur það meginmarkmið að auka þjónustu við nemendur og styrkja þá enn frekar til náms og starfa.

Á haustmisseri 2006 var boðið upp þrjár smiðjur, þær fjölluðu um fjármálastjórnun, um undirbúningu prófa og um próftökutækni. Um þá fyrstu sáu nemendur og fengu til sín ráðgjafa frá samtarfaðila sínum; Sparisjóði Norðurlands, hinar voru í umsjá námsráðgjafa, kennarar voru þær Valgerður H. Bjarnadóttir, Kristín Elfa Viðarsdóttir og Elín Dianna Gunnarsdóttir.

Strax í upphafi var ákveðið að fjarnemar skyldu eiga greiðan aðgang að smiðjunum og hefur þeim því verið miðlað um fjarfundabúnað til þeirra fjarnema sem fyrirfram lýsa áhuga á að taka þátt. Einnig voru tvær af smiðjum haustmisseris teknar upp og gerðar aðgengilegar á vef HA. Áætlað er að halda þessu samstarfsverkefni áfram á næsta skólaári.

Námsráðgjaf fékk starfsþjálfunarleyf á haustmisseri og notaði þá tækifærið og heimsótti háskólann í Stevens Point í Wisconsinríki í Bandaríkjunum.

Á árinu tók kennsluvið virkan þátt í stefnumótun háskólans. Árlegur starfsdagur sviðsins var haldinn í október að Þórisstöðum á Svalbarðsströnd. Fjallað var um drög að stefnu háskólans og leitast við að skilgreina þær aðgerðir sem kennsluvið vildi leggja áherslu á með hliðsjón af meginmarkmiðum háskólans.

Vorið 2006 gafst verðandi nemendum kostur á að skila inn umsókn um nám með rafrænum hætti. Rafræn innritun er liður í þróun rafræna skráninga í upplýsingakerf háskólans, Stefaniu. Innri vefur háskólans (Min Stefania) var tekin í notkun á árinu og unnið hefur verið að endurskoðun á heimasíðunni.

Ný prófskírteini fyrir háskólann voru hönnuð á árinu og við brautskráningu vorið 2006 fengu nemendur afhentan skírteinisviðauka (Diploma supplement) með prófskírteinum sínum. Útgáfa skírteinisviðaukans hófst vorið 2005 og er liður í aðlögun háskólans að Bologna ferlinu.

Talsverðar breytingar urðu á mannahaldi á kennsluviði á árinu 2006. Fimm starfsmenn létu af störfum og tveir voru ráðnir í þeirra stað. Í kjölfar skipulagsbreytinga innan háskólans vorið 2006 tilheyra nú verkefnið alþjóðamál, umsjón með fjarkennslu og þróun upplýsingakerfa kennsluviði. Við breytingarnar fjölgaði starfsmönnum um þrjá. Fastir starfsmenn kennsluviðs eru því eftir sem áður 12.

## Markaðs- og kynningarsvið

Markaðs- og kynningarmál voru með hefðbundnum hætti á árinu. Á vormisseri heimsótti kynningarfulltrúi f.esta framhaldsskóla landsins ásamt fulltrúum frá þeim deildum háskólans sem talið var að þyrftu á aukinni kynningu að halda. Haldin var sameiginleg kynning í Borgarleikhúsinu með öðrum háskólum landsins að undanskildum Háskóla Íslands. Haldnar voru sameiginlegar kynningar með sömu háskólum á Akureyri, Egilsstöðum og Ísaf rói. Til viðbótar við þetta voru birtar auglýsingar um námsframboð, sendur var markpóstur til stúdentsefna og kynningarfulltrúi tók á móti fjölmörgum hópum fyrir hönd skólans.



RHA - Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri er sjálfstæð eining innan HA. RHA nýtur engra fastra fjárframlaga, heldur af ar sér tekna með rannsóknaverkefnum og ráðgjöf fyrir fyrir tæki, stofnanir, ráðuneyti, félagasam tók og rannsóknastyrkjum innanlands sem utan.

Mikill uppgangur hefur verið hjá RHA undanfarin misseri enda hefur eftirspurn eftir verkefnum aukist mikið. Samhliða auknu umfangi starfseminnar hefur starfsfólki fjölgað og á árinu 2006 störfuðu við RHA, auk forstöðumanns, skrifstofustjóra og tveggja verkefnastjóra, níu sérfræðingar, sem fengust við rannsóknir á byggðatengdum málum, sveitarstjórnarmálum, nýsköpunarmálum auk ýmissa samfélagslegra rannsókna.

Breytingar urðu á starfsemi RHA 1. ágúst 2006. Samfara þessum breytingum var nafni RHA breytt en miðstöðin hét áður Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri (RHA).

Í hnotskurn sér RHA um þá þætti sem Rannsóknasvið Háskólans á Akureyri og RHA hafa hingað til haft með höndum. Þetta eru þættir er lúta að stjórnsýslu, umsjón, þjónustu og ráðgjöf við rannsóknir í HA.

Hlutverk RHA er að efa rannsóknastarfsemi við Háskólann á Akureyri sem og styrkja tengsl háskólans við atvinnulíf. Einnig hefur miðstöðin það hlutverk að vinna að þróun nýrra verkefna innan HA og koma þeim í réttan farveg.

Markmiðið með stofnun Rannsókn- og þróunarmiðstöðvar HA var í meginatriðum fjórþætt:

- Efa umsjö og þjónustu við rannsóknir innan HA með það að markmiði að efa rannsóknir við HA og auka fjármagn til rannsókna úr samkeppnissjóðum.
- Vinna að þróunar- og sérverkefnum á vegum HA á skilvirkan og markvissan hátt
- Vera tengiliður við setur og stofnanir sem starfa innan eða í tengslum við HA og skapa umgjörð til að hægt sé að hýsa litlar stofnanir og setur á sem skilvirkastan og hagkvæmastan hátt
- Vera tengiliður HA við atvinnulíf með því að sinna verkefnum fyrir atvinnulíf og stuðla að þekkingaryf rfærslu þangað frá HA.

Verkefni voru margvísleg og gefur meðfylgjandi listi yfr rannsóknaskýrslur og ráðstefnur RHA á árinu 2006 glöggv vitni um umfang og fjölbreytileika í starfsemi miðstöðvarinnar. Ögmundur Knúts-son forstöðumaður lét af störfum og hvarf til annarra verkefna innan viðskipta- og raunvísinda- deildar HA í lok ársins og var Jón Ingi Benediktsson, fyrrum forstöðumaður Matvæla- og matvæla- deildar HA, ráðinn í hans stað.

### Rannsóknaskýrslur:

Athugun á launum grunnskólakennara á Akureyri.

Höfundur: Hjördís Sigursteinsdóttir.

Dreifmenntun í grunnskólum V-Barðastrandarsýslu.

Höfundar: Trausti Þorsteinsson, Tryggvi Guðjón Ingason og Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir.

Ef ing endurhæfngar á Eyjafjarðarsvæðinu.

Höfundar: Valtýr Sigurbjarnarson og Ögmundur Knúts-son.

ESPN Action 2.1.5: Territorial Impacts of European Fisheries Policy.

Höfundar: Langeland, O., Andrade I., Antelo, A. P., Eikeland, S., Eythórsson, G. Th., Foss, O.,



Gambino, M., Gaspar, J., González, R. C. L., Gundersen, F., Hegland, T. J., Holst, B., Johannesson, H., Juvkam, D., Malvarosa, L., Normann, A. K., Placenti, V., Solla, X. M. S., Stokke, K.B., Sverdrup-Jensen, S. og Vetemaa, M. (Útgefandi: The ESPON Monitoring Committee, Lúxemborg).

Fern jarðgöng á Mið-Austurlandi sem ein framkvæmd.

Höfundar: Jón Þorvaldur Heiðarsson og Valtýr Sigurbjarnarson.

Fjarkennsla í Háskólanum á Akureyri skólaárið 2004-2005.

Höfundur: Hjördís Sigursteinsdóttir.

Fjarnám erlendis: Skipulag fjarnáms á háskólastigi í Frakklandi, Kanada, Skotlandi og Svíþjóð.

Höfundur: Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir.

Fjölskyldusvið Fjallabyggðar.

Höfundar: Hjalti Jóhannesson og Trausti Þorsteinsson.

How to make a living in insular areas: Six Nordic cases.

Höfundar: Hjalti Jóhannesson o.f. Ritslj. Margareta Dahlström. (Útgefandi: Nordregio, Stokkhólm.)

Íþróttir, fjölmiðlar og staðalimyndir (e. Sports, Media and Stereotypes - Women and Men in Sports Media).

Höfundar: Kjartan Ólafsson (ritstj.), Auður Magnús Leiknisdóttir, Birgir Guðmundsson, Guðmundur Ævar Oddsson, o.f.

Jarðgöng til Bolungarvíkur - Mat á arðsemi og samfélagsáhrifum.

Höfundar: Jón Þorvaldur Heiðarsson og Valtýr Sigurbjarnarson.

Launakönnun FVA og Vökuls.

Höfundur: Hjördís Sigursteinsdóttir.

Launakönnun FVSA.

Höfundur: Hjördís Sigursteinsdóttir.

Menntun og þjálfun heilbrigðisstarfsmanna varðandi sjúkraf utninga og bráðameðferð utan sjúkrahúsa.

Höfundur: Hjördís Sigursteinsdóttir.

Menntun og þjálfun hjúkrunarfræðinga og lækna á landsbyggðinni varðandi sjúkraf utninga og bráðameðferð utan sjúkrahúss.

Höfundur: Hjördís Sigursteinsdóttir.

Menntun og þjálfun sjúkraf utningamanna.

Höfundur: Hjördís Sigursteinsdóttir.

Peripheral Localities and innovation policies: Learning from good practices between the Nordic countries.

Höfundar: Seija Virkkala, Kristiina Niemi, Guðmundur Ævar Oddsson, Hjalti Jóhannesson, Elín Aradóttir, Áge Mariussen, Trond Einar Pedersen, Rikka Ikonen,

Mats Johansson, Klaus Lindegaard og Monica Stoye (útgefandi: Nordic Innovation Centre, Osló).

Rannsókn á samfélagsáhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi. Rannsóknarrit nr. 3: Áfangaskýrsla I – Stöðulýsing og upphaf framkvæmda á Austurlandi.

Ritstjóri: Kjartan Ólafsson. Aðrir höfundar að efni: Enok Jóhannsson, Jón Þorvaldur Heiðarsson, Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir og Valtýr Sigurbjarnarson.

Nordic-Scottish University Network for Rural and Regional Development (NSN). Proceedings of NSN's Annual Conference Sept. 22-25, 2005, Akureyri Iceland.



Ritstjóri: Elín Aradóttir.

Sameining Ólafsfjarðarbæjar og Siglufjarðarkaupstaðar - Tillögur að skipulagi stjórnkerfis og þjónustu ásamt mati á hagkvæmni.

Höfundar: Hjalti Jóhannesson, Valtýr Sigurbjarnarson og Ögmundur Knútsson.

Skiðaferðir til Akureyrar.

Höfundar: Guðmundur Oddsson og Hjördís Sigursteinsdóttir

Umskipunarhöfn í Eyjafrói - Frummat á aðstæðum.

Höfundur: Jón Þorvaldur Heiðarsson.

Vaðlaheiðargöng - Mat á þjóðhagslegri arðsemi.

Höfundur: Jón Þorvaldur Heiðarsson.

Viðhorf til alþjóðasamskipta.

Höfundur: Hjördís Sigursteinsdóttir.

Þyngd skólubarna og tengsl við líðan og námsárangur - Langtímarannsókn meðal barna í 4., 7. og

10. bekk grunnskóla á starfssvæði Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri, 2. hluti.

Höfundar: Magnús Ólafsson, Kjartan Ólafsson, Rósa Eggertsdóttir og Kristján M. Magnússon.

#### Ráðstefnur o.f.:

Málþing um stöðu orkumála á Íslandi.

Haldin 14. mars í Háskólanum á Akureyri, Sólborg.

Ráðstefna um vísindagarða.

Haldin 10. apríl á Hótel KEA, Akureyri.

Ísland í þjóðleið, siglingar á norðurslóðum og tækifæri Íslands.

Haldin 14. júní á Hótel KEA, Akureyri.





## UPPLÝSINGASVIÐ

Upplýsingasvið rekur bókasafn háskólans, annast útgáfumál hans, sérsöfn eins og lista- og steinasöfn og hafði auk þess á árinu umsjón með innleiðingu rafræns skjalakerfs. Forstöðumaður sviðsins annaðist einnig gæðamál háskólans þar til á haustmánuðum er komið var á fót gæðaráði og ráðinn gæðastjóri. Fastráðið starfsfólk á sviðinu var í árslok 2006 sex talsins í 5,5 stöðugildum. Einn starfsmaður í fullu starf var í tímabundnu verkefni sem styrkt var af Svæðisvinnumiðlun Norðurlands eystra og tveir nemendur unnu á bókasafninu yfir vetrartímann, samtals í hálfu stöðugildi.

Bókasafnið hefur lagt áherslu á að geta boðið aðgang að vönduðu úrvali gagnasafna og rafrænna tímarita á fræðasviðum háskólans og reynt að byggja bóka- og tímaritakost safnsins upp jafnt og þétt þannig að hann endurspegli fræðasvið háskólans. Mikil áhersla hefur verið lögð á kennslu og þjálfun nemenda í upplýsingalæsi en það er sú færni sem gerir mönnum kleift að leita upplýsinga, leggja mat á gæði þeirra og hagnýta þær í námi, kennslu og rannsóknum.

Á bókasafninu er lögð áhersla á þjónustu við fjarnema og lagt til grundvallar að þeir skuli njóta sömu þjónustu og nemendur í staðnámi. Því hefur bókasafnið m.a. komið upp gagnasafninu Hlöðunni sem geymir skannað lesefni vegna valinna, fjarkenndra námskeiða við háskólann að því tilskildu að greitt haf verið til höfunda fyrir birtinguna skv. samningi við Fjólís, hagsmunasamtök höfunda. Hlaðan geymir einnig próf sem tekin hafa verið við háskólann á undangengnum þremur árum. Hlaðan er fyrsta gagnasafn sinnar tegundar á landinu og hefur verið afar vel tekið meðal nemenda.

Útgáfumálum háskólans hefur verið komið í fastar skorður og í því skyni settur á stofn útgáfusjóður sem hefur það hlutverk að veita útgáfustyrki og útgáfulán að öllu leyti eða að hluta til vegna rita sem gefin eru út á vegum forlags háskólans. Sem fyrr hefur verið samstarf við Háskólaútgáfuna í Reykjavík og annast hún dreifingu á festum ritum Háskólans á Akureyri.

Áfram var unnið að því á árinu að skilgreina formlegt gæðakerf fyrir háskólann en það verk var hafð árið 2005. Starfshópur um gæðamál skilaði lokaskýrslu í júní 2006 og lagði til þá aðferðafræði sem háskólinn hyggst beita við gæðastjórnun og umbótastarf. Að tillögu nefndarmanna var komið upp gæðaráði sem tók til starfa á haustmíssi 2006. Í gæðaráði eiga sæti rektor háskólans sem er formaður, allir deildarforsetar, framkvæmdastjóri, gæðastjóri, einn fulltrúi starfsmanna og annar fulltrúi nemenda.

Á árinu var gerð úttekt á námi í viðskiptafræði, lögfræði og tölvunarfræði og var hún liður í stærri úttekt á Háskóla Íslands, Háskólanum á Bifröst og Háskólanum í Reykjavík. Niðurstöður liggja ekki fyrir.

Á árinu 2006 starfaði vinnuhópur að því að innleiða rafræna skjalastjórn við Háskólann á Akureyri. Háskólinn keypti GoPro.net hugbúnaðinn frá Hugviti og var unnið að undirbúningi þess að taka hann í notkun. Með innleiðingaráhópnum starfaði ráðgjafi hluta ársins og lagði hann línurnar varðandi verklag og vinnubrögð í skjalamálu sem ætlað er að tryggja að alþjóðlegum stöðlum um meðferð og vinstun skjala sé fylgt.

## FÉLAG STÚDENTA VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI



FSHA, félag stúdenta við Háskólann á Akureyri, var stofnað árið 1987. Það er hagsmunafélag stúdenta við Háskólann á Akureyri og jafnframt málsvari allra háskólastúdenta. Félagið fer með þau mál er varða hagsmuni jafnt innan skóla sem utan, til að mynda gagnvart háskólaf rvöldum, stjórnvöldum og öðrum þeim sem áhrif hafa á málefni stúdenta. Allir nemendur við háskólann verða sjálfkrafa félagar við greiðslu skrásetningargjalda.

### Breytt stjórnýsla FSHA

Frá upphaf hefur meginhlutverk FSHA verið að berjast fyrir bættum kjörum stúdenta á margvíslegan hátt. Á aðalfundi félagsins 31. mars var ákveðið að skerpa línurnar á milli deildarféлага og FSHA. Með áður nefndum breytingum gafst stjórn FSHA meira svigrúm til þess að hafa bein afskipti af hagsmunum stúdenta og allt skemmtanahald var látið í hendur skemmtinefndar. Með breytingunum var kosningu til stjórnar breytt og ákveðið að kjósa í stjórnina með beinum hætti á aðalfundi félagsins. Samkvæmt nýju reglunum var kosið með beinum hætti í embætti formanns, varaformanns og skemmtanastjóra, en stúdentar gátu einnig boðið sig fram til almennrar stjórnarsetu. Fulltrúum félagsins var fjölgað úr sex í níu. Á fyrsta stjórnarfundinum skipti stjórnin með sér verkum í embættin: alþjóðafulltrúi, fjármálastjóri, fjölskyldufulltrúi, skrifstofustjóri, upplýsinga- og kynningarfulltrúi og vefstjóri.

### Málþing um OECD skýrsluna.

Þann 22. ágúst birti Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) skýrslu um háskólamál á Íslandi. Í kjölfar skýrslunnar hélt menntamálaráðuneytið málþing og var fenginn sérfræðingur OECD til þess að skýra niðurstöður skýrslunnar fyrir fulltrúum menntamálaráðuneytisins, forsvarsmönnum háskólanna, nemendum og atvinnulífnu. Fyrir hönd stúdenta við HA fóru Baldvín Esra Einarsson og Rebekka Ingadóttir á ráðstefnu menntamálaráðuneytisins. Í kjölfar skýrslunnar og málþingsins stóð FSHA fyrir kynningarfundum um skýrslu OECD um háskólamál á Íslandi. Lögð var áhersla á að kynna niðurstöðu skýrslunnar er varðaði Háskólann á Akureyri. Ræðumenn fundarins voru Þorsteinn Gunnarsson rektor og Baldvín Esra formaður FSHA. Fundarstjóri var Steinþór Þorsteinsson varaformaður FSHA.

### Umsagnir FSHA

Á síðastliðnu starfsári stjórnar voru nokkrar umsagnir skrifaðar um ýmis málefni sem tengdust málefnum stúdenta. Hæst bar umsagnir félagsins um Skýrslu um nánari samvinnu eða mögulega sameiningu félagsvisinda- og lagadeildar og kennaradeildar Háskólans á Akureyri og umsögn félagsins um endurskoðaðar reglur fyrir Háskólann á Akureyri.

### Samstarf FSHA og SHÍ

Á vordögum bauð FSHA Sigurði Erni Hilmarssyni, formanni SHÍ, og Ásgeiri Runólfssyni, framkvæmdastjóra SHÍ, til Akureyrar. Ástæða boðsins var að efa tengsl nemendafélaga ríkisháskólanna. Þessir háskólar eiga það sameiginlegt að vera ríkisháskólar sem innheimta ekki skólagjöld. Skólarnir standa frammi fyrir því að samkeppnisstaða þeirra við erlenda og innlenda skóla fer versnandi vegna ónógra fjárframlaga. Vegna sameiginlegra hagsmuna stúdenta við HA og

## FÉLAG STÚDENTA VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI

HÍ var ákveðið að halda sameiginlegt málþing þann 28. mars. Tilgangur málþingsins var að koma af stað upplýstri umræðu um sameiginleg málefni Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri. Með notkun fjarfundabúnaðar tókst að halda málþingið samtímis á Akureyri og í Reykjavík. Auk þess sem málþingið var sýnt beint á fjarkennslustöðum HA á Ísafrði og Selfossi. Yfyrskrift málþingsins var Staða HÍ og HA. Þrjú fyrirlesarar f uttu erindi á málþinginu: Ingjaldur Hannibalsson, prófessor við HÍ, Fjármögnun háskólakennslu á Íslandi, Kjartan Ólafsson, sérfræðingur hjá RHA, Hvað er málið með alla þessa háskóla? og Margrét S. Björnsdóttir, forstöðumaður við HÍ, Háskóli (Íslands) á tímamótum? Fundarstjóri í Reykjavík var Ásgeir Runólfsson og á Akureyri var Húni Heiðar Hallsson. Skrifað var undir formlegan samstarfssamning FSHA og SHÍ 14. september. Meginmarkmið samstarfsins var að gera samstarf ó formlegt og vinna sameiginlega að stóru málunum er varða nemendur skólanna.

### Alþjóðlegur baráttudagur stúdenta

Í tilefni af alþjóðadegi nemenda þann 17. nóvember stóðu nemendafélög MA, VMA og HA að sameiginlegu málþingi í Kvosinni í MA. Yfyrskrift málþingsins var Hver er staða nemenda í íslensku samfélagi í dag? Umræðuefni fundarins var valið vegna þeirrar óvissu sem nemendur sjá í framhalds- og háskólamálu um þessar mundir einkum um skerðingu náms til stúdentsprófs og niðurskurðarkröfu menntamálaráðuneytisins. Ræðumenn á fundinum voru Ottó Eliasson, fyrrum stjórnar- maður í Hugvin, skólafélagi MA, James Bóas Faulkner, fulltrúi í hagsmunaráði nemenda VMA, og Steinþór Þorsteinsson varaformaður FSHA. Fundarstjóri var Kristín Helga Schiöth, formaður Hugins, skólafélags MA.

### Samstarf nemendafélaga MA, VMA og HA

Á málþinginu sem haldið var vegna alþjóðadags nemenda óskaði Steinþór Þorsteinsson, varaformaður FSHA, eftir nánari samstarf nemendafélaganna á Akureyri. Forsvarsmenn félaganna héldu nokkra fundi um sameiginleg málefni stúdenta skólanna. Árangur fundanna var málþingið Skólábærinn Akureyri, hvað merkir það? og hugmyndin um skólafélag Akureyrar. Fyrirlesarar á málþinginu voru: Ottó Eliasson nemi, Jón Már Héðinsson, skólameistari MA, Jóna Jónsdóttir forstöðumaður fyrir hönd HA og Sigrún Björk Jakobsdóttir bæjarstjóri. Fundarstjóri var Birgir Guðmundsson stjórnmalfræðingur og lektor við HA.

### Félagslíf

FSHA stóð fyrir mörgum stórum atburðum fyrir nemendur HA veturinn 2006-2007 og má þar helst nefna: Árshátíð FSHA, Sprellmótið, Halloween ball, Russian House Party, Skarkala, Fjölskyldudaga, Sameiginlega háskólasprell-helgi og vísindarferð til Reykjavíkur.

### Stjórn FSHA 2006-2007

Baldvin Esra Einarsson formaður  
Steinþór Þorsteinsson varaformaður  
Hildur Sólveig Elvarsdóttir skemmtanastjóri  
Rebekka Ingadóttir skrifstofustjóri  
Haukur Árni Hjartarson fjármálastjóri  
Hilmar Vilberg Gylfason alþjóðafulltrúi  
Sigurlína Stefánsdóttir vefstjóri  
Þuríður Jónasardóttir kynningarfulltrúi  
Ásgeir Már Andrésson fjölskyldufulltrúi

### Formenn deildarfélaga 2006-2007

Data, félag upplýsingatæknideildarnema: Davíð S. Guðjónsson  
Eir, félag heilbrigðisdeildarnema: Soffía S. Jónasdóttir  
Kumpáni, félag nema við félagsvísinda- og lagadeild: Ragnar Sigurðsson  
Pemis, félag laganema sem starfar undir Kumpána: Vigdís Ósk Sveinsd.  
Magister, félag kennaradeildarnema: Sigríður Guðrún Guðjónsdóttir  
Reki, félag nema við viðskiptadeild: Rakei Yr Sigurðardóttir  
Stafnbúi, félag auðlinda- og deildarnema: Kristín Mjöll Benediksdóttir

Heimasíða félagsins er [www.fsha.is](http://www.fsha.is).

## FÉLAGSSTOFNUN STÚDENTA VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI

Félagsstofnun stúdenta á Akureyri (FÉSTA) er sjálfseignarstofnun sem Háskólinn á Akureyri, skráðir nemendur og Akureyrarbær eiga aðild að. Tilgangur FÉSTA er að eiga og reka námsmannaíbúðir og annast aðra þjónustu við námsmenn. Sérstakar reglur gilda um úthlutun nemendahúsnæðis. Umsóknarfrestur um veturvist er til 20. júní og sumarvist til 1. mars.

Félagsstofnun rekur stúdentagarða við:

Útstein með 14 herbergjum og 10 íbúðum sem tekin voru í notkun 1989,

Klettastíg með 12 herbergjum og 18 íbúðum sem tekin voru í notkun 1994,

Drekagil þar sem 29 íbúðir voru teknar í notkun 2001 og

Tröllagil með 36 tveggja og þriggja herbergja íbúðum sem teknar voru í notkun í september 2004.

Framkvæmdastjóri Félagsstofnunar stúdenta er Jónas Steingrímsson.

### Stjórn:

Bjarni Hjarðar lektor, skipaður af háskólaráði

Ólafur Búi Gunnlaugsson forstöðumaður, skipaður af háskólaráði

Baldvin Esra Einarsson nemi, skipaður af FSHA

Jón Smári Jónsson nemi, skipaður af FSHA

Halla Margrét Tryggvadóttir, skipuð af Akureyrarbæ

### Jessup-málf utningskeppnin

Laganemar við HA sýndu frábæran árangur þegar liðið sigraði lið Háskóla Íslands í undankeppni *Philip C. Jessup International Law Moot Court Competition*. Jessup er ein virtasta málf utningskeppnin á sviði þjóðaréttar í dag. Keppnin hefur verið haldin árlega í Washington D.C. síðan 1960 en það eru Alþjóðasam tók laganema (LSA) sem standa að henni. Í Washington mættu til leiks 101 lið frá 79 löndum. Árangur HA-liðsins var með ágætum en þau höfnuðu í 61. sæti. Í þeim hluta keppinnar er snýr að skrif egum greinargerðum endaði liðið í 46. sæti þegar greinargerðir fyrir stefnanda og stefnda eru taldar saman en greinargerð liðsins fyrir stefnanda var í 20. sæti. Lið HA skipuðu Bjarki Sigur- sveinsson, Jón Fannar Kolbeinsson, Leena-Kaisa Viitanen, Vigdís Ósk Sveinsdóttir og Þór Hauksson Reykdal. Leiðbeinendur og þjálfarar voru Ásgeir Helgi Jóhannsson lögfræðingur hjá Lögheim tunni hf., Rachael Lorna Johnstone lektor og Timothy Murphy lektor.





Háskólinn á Akureyri kappkostar að bjóða öllum nemendum sínum öf uga stoðþjónustu á sviði tölvu- og upplýsingatækni hvort sem þeir stunda nám á háskólasvæðinu eða í heimabyggð.

Fjarkennsla við Háskólann á Akureyri hófst haustið 1998 þegar boðið var upp á fjarnám við heilbrigðisdeild. Um var að ræða nám í dagskóla á hjúkrunarfræðibraut, þar sem kennt var um myndfundabúnað sam tímis á Akureyri og Ísaf rói. Ári síðar bættust svo nemendur á Egilsstöðum í þennan hóp.

Frá árinu 1998 hefur fjarnám verið vaxandi þáttur í námsframboði Háskólans á Akureyri og veturinn 2006-2007 buðu þrjár deildir af fjórum upp á fjarnám, þ.e. heilbrigðisdeild, kennaradeild, og viðskipta- og raunvísindadeild.

### Heilbrigðisdeild – hjúkrunarfræðibraut

Á hjúkrunarfræðibraut fer fram fullt nám í dagskóla þar sem fjarnemendur stunda nám samhliða nemendum í staðbundnu námi. Námið byggir að mestu á gagnvirkum myndfundabúnaði en kennarar nýta einnig vefnámsumhverfð WebCT og tölvusamskipti í síauknum mæli.

Skólaárið 2006-2007 voru nemendur við heilbrigðisdeild í fjarnámi á Ísaf rói og Selfossi og í Reykjanesbæ og Vestmannaeyjum.

### Kennaradeild – leikskólabraut / grunnskólabraut

Fjarnámið er að hluta til miðað við fólk sem er starfandi í skólum (þó vissulega sé það opið öðrum sem uppfylla inntökuskilyrði) og stundar því ekki fullt nám heldur tekur námið á lengri tíma. Á leikskólabraut hófst fjarnám árið 1999 og á grunnskólabraut árið 2003. Þau námskeið sem kennd eru í fjarnámi eru þau sömu og í staðbundna náminu. Námið byggir á gagnvirkum myndfundabúnaði en kennarar nýta einnig vefnámsumhverfð WebCT.

Skólaárið 2006-2007 voru nemendur við kennaradeild í fjarnámi á Akranesi, Blönduósi, Grundarf rói, Höfn, Ísaf rói, Neskaupstað, Sauðárkróki, Selfossi, Vík, Vopnafirði og Þórshöfn og í Hafnarf rói, Reykjanesbæ og Vestmannaeyjum.

### Viðskipta- og raunvísindadeild

Í viðskiptadeild er miðað við að fólk geti stundað vinnu meðfram náminu og dreift það því á lengri tíma. Námið fer fram að mestu leyti á netinu gegnum vefnámsumhverfð WebCT en til stuðnings eru fundir í gagnvirkum myndfundabúnaði í mörgum námskeiðum. Einnig hafa nemendur tækifæri til að eiga samskipti við kennara og sín á milli í vefumræðum sem settar eru upp fyrir hvert námskeið.

Skólaárið 2006-2007 voru nemendur við deildina í fjarnámi á Akranesi, Blönduósi, Dalvík, Egilsstöðum, Ísaf rói, Neskaupstað, Patreksf rói, Skagaströnd, Sauðárkróki, Sigluf rói, Selfossi og Þórshöfn og í Búðardal, Hafnarf rói, Reykjanesbæ, Stykkishólmi og Vestmannaeyjum.

Þegar fjarkennslan hófst var námið nær eingöngu byggt á útsendingum fyrirlestra með gagnvirkum myndfundabúnaði. Enn í dag er myndfundabúnaður notaður í miklum mæli við háskólann. Hróð þróun í upplýsingatækni býður þó upp á fjölbreyttar leiðir í kennslu, við miðlun námsefnis, í samskiptum og við að mæta þörfum nemenda í fjarnámi. Skólinn fylgist vel með þróun í upplýsinga-


samskipta- og kennslutækni og innleiðir nýjungar á því sviði markvisst. Má þar nefna gagnvirkar töf ur og skjái, upptökur í dagskóla, beinar útsendingar, vefsíður kennara og kennslukerfð WebCT sem m.a. hefur að geyma innbyggt pósthótt, vefumræður, spjallrásir, prófatæki, verkefnaúthlutara, hópvinnuverkfæri og ýmsa möguleika til framsetningar námsefnis á margvíslegu formi. Upplýsingakerfð Stefania sem þróað hefur verið af Stefáni Jóhannssyni, sérfræðingi í Háskólanum á Akureyri, veitir aðgang að öllum helstu upplýsingum sem tengjast daglegu lífi í skólanum, s.s. stundaskrá, próftöf um, námsframvindu og námskeiðslýsingum.

Frá upphaf hefur Háskólinn á Akureyri átt öf ugtsamstarf um fjarkennslu við bæjarfélög og símenntunar- og fræðslumiðstöðvar víðs vegar um landið. Enda er það talin forsenda fjarnámsins að nemendum sé sköpuð góð aðstaða til móttöku kennslu gegnum myndfundabúnað, tölvur og net. Hefur það sýnt sig að myndun námshópa á fjarkennslustöðum hefur reynst góð leið til að ef a hópkennd og stuðning meðal nemenda. Á fjarkennslustöðunum hafa nemendur aðgang að myndfundabúnaði og tölvuveri ásamt ljósritunar- og vinnuáðstöðu.

Helstu samstarfsaðilar háskólans eru: Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi, Háskólasetur Vestfjarða, Farskóli Norðurlands vestra, Þekkingarsetur Þingeyinga, Þekkingarnet Austurlands, Fræðslunet Suðurlands, Víska – Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum og Námsfókkar Hafnarfjarðar.

Í fjarnáminu er ýmist um að ræða fullt nám í dagskóla eða nám sniðið að þörfum þeirra sem stunda það samhliða starfi, m.a. á þann hátt að nemendur geta dreift náminu á lengri tíma en gert er ráð fyrir í fullu námi. Fjarnemar greiða sömu skrásetningargjöld og aðrir nemendur við háskólann en þurfa jafnan að greiða hóf eg aðstöðugjöld til sinnar fræðslu- eða símenntunarstöðvar.

Verkefnastjóri fjarnáms er Erlendur Steinar Friðriksson.



Símenntun Háskólans á Akureyri leitast við að bjóða upp á alhliða sí- og endurmenntun á háskólastigi með þarfir viðskiptavina og hagkvæmni í rekstri að leiðarljósi. Símenntun nýtur ekki fjárveitinga frá Alþingi og því þarf starfsemi að standa undir útlögðum kostnaði og taka tillit til samkeppnislaga.

Mikil gróska og fjölbreytni var í starfsemi Símenntunar á árinu eins og undanfarin ár og er mikil ásókn í lengra nám sem meðal er til eininga, ekki síst á sviðum rekstrar og stjórnunar. Á vormisseri héldu 25 nemendur áfram í þriggja ána, 27 eininga, rekstrar- og viðskiptanámi sem haldið var í samstarfi við viðskipta- og raunvísindadeild.

Þann 19. maí brautskráði Símenntun 25 talsmenn stéttarfélaganna ASÍ og BSRB sem lagt höfðu stund á sérskipulagt fjögurra missera, 18 eininga, rekstrar- og stjórnunarnám. Námið sem er einnig í samstarfi við viðskipta- og raunvísindadeild svo og Félagsmálaskóla alþjóðu hófst haustið 2004. Í upphaf hvers misseris komu nemendur í háskólann en fyrirlestrar fóru síðan fram í Símenntunarmiðstöðvum vítt og breitt um landið en próf og verkefnaskil voru í vefnámsumhverfi skólans.

Einnig brautskráðist 25. maí hópur stjórnenda hjá sveitarfélögum, stofnunum og fyrirtækjum sem lagt hafði stund á sérskipulagt þriggja missera, 15 eininga, stjórnunarnám. Skipulagning og stjórn námsins var í samstarfi við Eyþing. Fjórir hópur námskeiðsins Stjórnendur fram tíðarinnar, sem haldið er í samstarfi við Capacent, lauk námi í júní.

Ítölskunámskeið fyrir byrjendur, lengra og langt komna, styrkt af ítalska utanríkisráðuneytinu, voru haldin fyrir nemendur HA og aðra áhugasama eins og undanfarin ár. Þá var bryddað upp á þeirri nýbreytni að bjóða námskeið í kinverskum fræðum en 124 skráðu sig í þau þrjú námskeið sem í boði voru, fæstir þeirra voru nemendur HA og HI en námskeiðin voru fjarkennð milli skólanna. Námskeiðin voru m.a. styrkt af kinverska sendiráðinu sem kostar kennara hingað til kinverskukennslu. Þá eru ótalin ýmis styttri námskeið sem nokkrir tugir einstaklinga sóttu á misserinu.

Áhugi grunnskólakennara á sumarnámskeiðum hefur farið minnkandi og styrkir sem Símenntun hefur hlotið frá menntamálaráðuneytinu til námskeiða verið vannýttir undanfarin ár. Aðeins eitt námskeið var haldið á Akureyri og tvö á Húsavík. Þátttakendur á þessum námskeiðunum voru 40.

Starfsemi haustmisseris hófst með aðfaranámskeiðum fyrir nýja háskólanemendur í efnafræði, fjárhagsbókhalði og stærðfræði sem einnig var kennt fjarnemendum í Hafnarfærð. Alls sóttu 153 einstaklingar þessi námskeið. Þann 16. desember var brautskráning úr þriggja missera, 27 eininga, rekstrar- og viðskiptanámi og einnig úr fjögurra missera, 18 eininga, rekstrar- og stjórnunarnámi. Þetta var í annað sinn sem hópar luku þessum námsleiðum. Stjórnendur fram tíðarinnar hófst í fimm staða á landinu. Auk þessa voru námskeið í ítölsku- og kinversku kennd eins og á vormisseri. Í samstarfi við Fasteignamatríkisins voru skipulögð námskeið fyrir sveitarfélög sem kennd voru út um land, m.a. í símenntunarmiðstöðvum. Þessi námskeið sóttu 175 manns. Auk þessa voru ýmis styttri námskeið kennd á misserinu.

Símenntun stóð fyrir vikulangri dagskrá 29. apríl til 6. maí: Ítalskt vor – La primavera í samstarfi við fjölmarga einstaklinga og fyrirtæki í bænum, s.s. Amtsbókasafnið, Borgarbló, veitingastaði, verslanir og listamenn þar sem áhersla var lögð á að kynna ítalska menningu og matargerð. Við það tækifæri var stofnað áhugamannafélag um Ítalíu – menningu og tungu.

Í stjórn Símenntunar, sem skipuð er af Háskólaráði, eru Úlfar Hauksson, forstöðumaður fjármála, formaður stjórnar, Anna Þóra Baldursdóttir, lektor og brautarstjóri, og Laufey Petrea Magnúsdóttir forstöðumaður kennslusviðs.

Elín Margrét Hallgrímsdóttir er símenntunarstjóri.

Árið 2006 var sjöunda heila starfsár Matvælasets Háskólans á Akureyri (MHA) en það tók til starfa í janúar árið 2000. Háskólinn á Akureyri leggur til alla starfsaðstöðu og er MHA til húsa hjá auðlinda-deild HA að Borgum. Verklag er samræmt reglum og venjum Háskólans á Akureyri og í góðu samstarfi við stjórnsýslu hans.

Forstöðumaður, Jón Ingi Benediktsson, hvarf í lok árs til nýrra starfa innan Háskólans á Akureyri og hafði nýr forstöðumaður ekki verið ráðinn í hans stað við árslok 2006.

Á stjórnarfundum þann 21. nóvember 2005 samþykkti stjórn setursins Markmið og stefnu MHA fyrir árin 2005-2007, þar sem kemur fram að stefnt er að því að auka veltu setursins um 10-20% á milli ára og að velta einstakra verkefna sem setrið tengist á einn eða annan hátt aukist að minnsta kosti um 20%. MHA einsetur sér að auka enn frekar samstarf við fyrirtæki og samstarfsstofnanir setursins bæði innan háskólans og utan, og að meistaranemar sem og B.S. nemar komi til með að starfa í samstarfi við og/eða innan veggja setursins. Það er mataðstandenda MHA að fæstum þessara markmiða haf verið náð á árinu 2006 og sem dæmi má nefna að auk aðkomu að fjölda verkefna í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir, þá unnu sjö nemendur við HA að lokaverkefni sínu til BS prófs vorið 2006 í samstarfi við Matvælasetur og að velta setursins jókst um 18% frá árinu 2005.

Meðal verkefna Matvælasets má nefna Menntun millistjórnenda og annarra starfsmanna í fskvinnslu sem var unnið í samstarfi við sérfræðinga HA, Simey og hagsmunaaðila í greininni, Rannsóknir á lífríki Eyjafjarðar m.t.t. matvælaframleiðslu, og Skelrækt í Eyjafærð sem er samstarfsverkefni Hafró, HA, Norðurskeljar og erlendra háskóla.

Matvælasetur sá um rekstur matvælaklasa Vaxtarsamnings Eyjafjarðar í samræmi við samning sem undirritaður var á árinu 2005, en markmið hans eru meðal annars að efa Eyjafjarðarsvæðið sem eftirsóttan valkost til búsetu, auka hagvöxt og samkeppnishæfni svæðisins, fjölga samkeppnishæfum fyrirtækjum og störfum, efa og auka framboð af vörum og þjónustu og auka alþjóðleg tengsl fyrirtækja á svæðinu. Starf við Vaxtarsamninginn var unnið í samstarfi og samráði við forystuhóp matvælaklasans, en það er hópur sex reyndra aðila sem starfa innan fyrirtækja í klasanum og hafa vilja og getu til að auka samstarf innan atvinnugreinarinnar á svæðinu. Verkefni matvælaklasans voru fjölmörg og hófust sum hver á þessu ári, en alls kom klasinn að vel á öðrum tug verkefna á árinu 2006. Meðal þeirra var úttekt á umhverfispáttum Eyjafjarðarsvæðisins með tilliti til matvælaframleiðslu og fram tíðarlausnar í sörpmálum og lauk því með lokaskýrslu og ítarlegum tillögum á haustmánuðum. Matvælaklasinn kom á virkan hátt að samstarfi eyfrskra fyrirtækja um þátttöku í sýningunni Matur 2006 sem haldin var í Kópavogi í mars og í framhaldi af góðum árangri þar var unnið áfram að verkefnum sem hafa með samstarfi matvælafyrirtækja og ímynd svæðisins sem matvælaframleiðslusvæðis að gera. Niðurstaðan af þeirri vinnu var sú að þann 29. maí var stofnað félag, Matur úr héraði /Local food, sem hefur að markmiði að hefja á loft eyfrsk matvæli og eyfrsk eldhús á breiðum og fjölbreytilegum vettvangi.

Matvælasetur HA sá um framkvæmd samnings Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna (UNU-FTP) og Háskólans á Akureyri, eins og verið hafði á árinu 2005. Tók Matvælasetrið að sér að skipuleggja og sjá um 10daga heimsókn 20UNU-FTP nema til Akureyrar í september. Matvælasetrið sá um undirbúning og skipulag á námsefni um stjórnun og markaðsmál sjávarútvegsfyrirtækja og

umsjón með námskeiði þar um sem haldið var fyrir nemendur UNU-FTP á haustmánuðum 2006. Auk þess skipulagði MHA dvöl í m.m UNU-FTP nema sem voru á Akureyri frá desember fram í mars 2007. Á þeim tíma unnu nemendurnir lokaverkefni sitt undir leiðsögn sérfræðinga HA, RHA og sjálfstætt starfandi sérfræðinga og í samstarf við fyrir tæki og stofnanir á svæðinu. Til viðbótar við ofanefnt hefur Matvælasetur komið að nokkrum öðrum verkefnum fyrir Sjávarútvegsháskólann og tengjast þau m.a. undirbúningi og gerð námskeiða og námsefnis og verður þeirri vinnu haldið áfram á árinu 2007.

Matvælasetur HA hefur komið að ýmsum öðrum verkefnum en þeim sem nefnd eru hér að framan og má meðal þeirra nefna kynningarátak, undir nafninu Nýi sjávarútvegurinn sem hafði það markmið að kynna nám í sjávarútvegsfræði við viðskipta- og raunvísindadeild skólans. Naut verkefnið verulegra styrkja frá hagsmunaaðilum í greininni og hafði Matvælasetrið umsjón með verkefninu í samráði við deildarforseta viðskipta- og raunvísindadeildar. Forstöðumaður Matvælaseturs hélt auk þessa áfram að sinna ýmsum sameiginlegum verkefnum í samstarf við aðila innan HA sem og við stofnanir með aðstöðu að Borgum. Má þar meðal annars nefna húsnæðismál, sameiginleg tækjakaup og ýmis mál sem snúa að rannsóknaraðstöðu og kennslu.

#### Stjórn Matvælaseturs:

Eyjólfur Guðmundsson formaður

Stefanía Katrín Karlsdóttir meðstjórnandi

Jón Kjartan Jónsson meðstjórnandi

## Ferðamálasetur Íslands

Ferðamálasetur Íslands er miðstöð rannsókna, fræðslu og samstarfs í greinum sem tengjast ferðamála. Ferðamálasetrið er stutt sameiginlega af Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Háskólanum að Hólum, Samtökum ferðaþjónustunnar og Ferðamálastofu. Allir hafa þessir aðilar sameiginlega hagsmuni af því að ef a rannsóknir og menntun í ferðaþjónustu og auka þekkingu í greinum sem tengjast ferðamála. Tengsl milli þessara ólíku aðila gefa færi á að samnýta aðstöðu og færni hvers annars og um leið að styrkja samband háskólastarfs og atvinnulífs. Ferðamálasetur Íslands er miðpunktur þessara tengsla og efir þannig samskipti milli lykilaðila í greininni.

Markmið stofnunarinnar eru þannig að ef a rannsóknir og menntun á sviði ferðamála, styrkja tengsl háskólastarfs og atvinnulífs og auka þekkingu um ferðamál. Helstu verkefni snúast um rannsóknir í faginu, samstarf við innlenda og erlenda rannsóknaraðila og atvinnulíf, útgáfu fræðiritra og kynningarbæklinga, upplýsingamiðlun, ráðgjöf og að standa fyrir námskeiðum, ráðstefnum og fyrirlestrum í ferðamálafræðum.

Helgi Gestsson, lektor við viðskiptadeild HA, starfaði í hlutastarf sem forstöðumaður Ferðamálaseturs Íslands fyrri hluta árs 2006, en um sumarið tók dr. Edward H. Huijbens við starf forstöðumanns í fullu starf.

Ferðamálastofa endurnýjaði samstarfssamning sinn við Ferðamálasetrið í nóvember 2006. Samstarfssamningurinn byggir á því að FMSÍ ráði starfsmann í 50% rannsóknarstöðu í samstarf við Hólaskóla. Framlag Ferðamálastofu er 2.000.000 kr. til rannsókna árlega.

#### Á árinu 2006 vann Ferðamálasetur m.a. að eftirtöldum verkefnum:

Hagræn áhrif ferðaþjónustu – Kortlagning á svæðisbundnum áhrifum ferðamennsku.

Umsjónaraðili var Bergþóra Aradóttir í samstarf við Ásgeir Jónsson hagfræðing. Um haustið var lokið við útgáfu skýrslu sem bar heitið: Hagræn áhrif ferðaþjónustu – greint eftir svæðum á Íslandi. Höfundar hennar voru dr. Ásgeir Jónsson, Njáll Trausti Friðbertsson, Þórhallur Ásbjörnsson. Styrktaraðilar voru Byggingastofnun, Háskólasjóður KEA, Rannsóknarsjóður HA og Markaðsskrifstofa Norðurlands.

Menning og ferðaþjónusta – Eyjafjörður.

Umsjónaraðili er Guðrún Helgadóttir á Hólum í samstarf við Edward H. Huijbens. Lokaskýrsla kemur út snemma árs 2007.

Stjórnunarhættir hjá íslenskum ferðaþjónustufyrirtækjum.

Samstarfsverkefni Ferðamálaseturs Íslands, viðskiptadeildar HA og Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF). Könnun var gerð af Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri (RHA). HRM rannsóknir og ráðgjöf unnu að lokagreiningu og skrifum skýrslu. Ráðgjafar voru Ingi Rúnar Eðvarðsson prófessor og Helgi Gestsson forstöðumaður og lektor. Lokaskýrsla kemur út snemma árs 2007.

Nýsköpun í íslenskrí ferðaþjónustu.

Í samvinnu við aðila á öllum Norðurlöndum er unnið að því að greina nýsköpun í ferðaþjónustu og á hvaða forsendum hún verður. Markmiðið er að reyna að átta sig á hvaða nýsköpunar 'kerf' er virkjað í kringum nýsköpun í ferðaþjónustu sem ber ávöxt og ætti því að geta nýst sem hagnýtur leiðarvísir fyrir frumkvöðla í greininni með alþjóðlega visun.

Samstarfsaðili: viðskipta- og raunvísindadeild HA.

Norrænt samstarfsverkefni um skotveiðitengda ferðaþjónustu.

Setrið er þátttakandi í samnorrænu verkefni um sjálfbæra uppbyggingu skotveiðitengdrar ferðaþjónustu á Íslandi og jaðarsvæðum Norðurlanda. Er um að ræða rannsóknir í því skyni að ef a samstarf frumkvöðla, sveitarfélaga og hins opinbera, ásamt Umhverfisstofnun og háskólum í markaðssetningu og gerð ferðaþjónustu í kringum skotveiðar.

Samstarfsaðilar: RHA og Umhverfisstofnun.

Skemmtiferðaskipakomur til Íslands.

Þetta rannsóknarverkefni hefur verið í gangi frá 1993 en þá fór í gang þriggja ára könnun meðal farþega á skemmtiferðaskipum sem hafði það að markmiði að átta sig á fjölda þeirra, hvað þeir aðhafast og hvað þeir skilja eftir sig. 2004 fór önnur slík þriggja ára könnun í gang og nú stendur yfir úrvinnsla úr þeim gögnum og gerður samanburður innan tímabils og milli þeirra tveggja sem um ræðir.

Samstarfsaðili: Jarð- og landfræðiskor HÍ.

Jeppar á hálendi Íslands.

Verkefnið snýst um ferðalög Íslendinga og útlendinga á hálendi Íslands í jeppum og breyttum bílum. Spurt er hvernig þessi iðja skilgreinir tækið, hálendið og áfangastaði þar. Þannig er bæði um að ræða félagsfræðilega nálgun sem og viðskiptafræðilega þar sem hægt er að velja upp spurningum um mótun virðisdeðu og nýsköpun í vaxandi atvinnuvegi, bæði í ferðaþjónustu og í tengslum við jeppabreytingar.

Samstarfsaðili: Jarð- og landfræðiskor HÍ.



## FERÐAMÁLASETUR ÍSLANDS

Ráðstefna og list, rými og ferðaþjónusta.

Ráðstefna sem ber heitið Vital rhythms. Arctic timespaces er ráðgerð á Akureyri vorið 2008 og byggir á tveimur vel heppnuðum ráðstefnum sem haldnar voru á vordögum 2006 í Reykjavík. Markmið ráðstefnunnar er að leiða saman lista- og fræðimenn af norðurlöðum til þess að velja fyrir sér rými norðursins og hvernig samskiptum gesta og heimamanna er háttað gegnum framleiðslu og sölu muna.

Samstarfsaðilar: Hólaskóli, ReykjavíkurAkademían, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar.

Þróunarverkefni um akademíska ferðaþjónustu að Svartárkoti í Bárðardal.

Setrið er þátttakandi í uppbyggingu ferðaþjónustu að Svartárkoti í Bárðardal. Er um nokkuð viðamikilið og sérstakt verkefni að ræða þar sem til stendur að byggja gisti- og kennsluástöðu við jaðar Ódáðahrauns þar sem markhópurinn er nemendur og fræðimenn. Markmiðið er að koma á framfæri einstakri náttúru, menningu og sögu svæðisins og þannig reyna að laða að rannsakendur og nema alls staðar að úr heiminum. Spurt er: hvernig ferðaþjónusta er þetta, hvernig er hægt að útbúa námskeið og námsefni á svæði sem þessu og hvað þarf að koma til.

Samstarfsaðilar: ReykjavíkurAkademían, Svartárkot og Þekkingarsetur Þingeyinga.

Ferðaþjónustuklasi Vaxtarsamnings Eyjafjarðar.

Ferðamálaasetur Íslands sá um yf rumsjón með störfum ferðamálaklasi í Vaxtarsamningi Eyjafjarðar. Bergþóra Aradóttir, starfsmaður Ferðamálaaseturs Íslands, sinni ferðaþjónustuklasi Vaxtarsamnings Eyjafjarðar í fullu starf.

Verðlaun Ferðamálaaseturs Íslands fyrir lokaverkefni í ferðamálafræðum.

Í nóvember 2006 afhenti Sturla Böðvarsson samgönguráðherra í annað sinn 100.000 króna verðlaun Ferðamálaaseturs Íslands fyrir framúrskarandi lokaverkefni um ferðamál sem unnið er af nemanda við háskóla hér á landi. Verðlaunin hlaut Ýr Káradóttir fyrir B.Sc. ritgerð sína.

Gæði í gistingu. Gæðastefnur og aðferðir við mælingar á þjónustugæðum innan valinna hótela á Íslandi.

Framlag Ferðamálaaseturs til verkefnisins Hagvöxtur á heimaslóð á Suðurlandi var umfjöllun um stefnumótun og markmiðssetningu ferðaþjónustufyrirtækja. Verkefnið er þróunarverkefni fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki í ferðaþjónustu. Umsjón var í höndum Útf utningsráðs Íslands í samvinnu við SAF, Impru, Landsmenn, Mími, Bygðastofnun og FMSÍ.

### Námskeiðahald

Ferðamálaasetur Íslands sér um skipulag og kennslu í þeim námskeiðum sem kennd eru við ferðaþjónustubraut viðskipta- og raunvísindadeildar HA. Á ferðaþjónustubraut eru námskeið um skipulag ferðamannastaða og stefnumótun, ferðamennsku og umhverf, lög og reglur í ferðaþjónustu og neytendahegðun í ferðaþjónustu. Nemendur sem ljúka námi af ferðaþjónustubraut útskrifast með B.Sc. gráðu sem viðskiptafræðingar með áherslu á ferðaþjónustu.

### Stjórn Ferðamálaaseturs Íslands :

Anna Dóra Sæþórsdóttir frá Háskóla Íslands

Áslaug Alfreðsdóttir frá SAF, Samtökum ferðaþjónustunnar

Elías Bj. Gíslason frá Ferðamálaráði Íslands

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir frá Háskólanum á Hólum

Eyjólfur Guðmundsson frá Háskólanum á Akureyri, varaformaður stjórnar

Fjóla Björk Jónsdóttir frá Háskólanum á Akureyri

Ingjalður Hannibalsson frá Háskóla Íslands, formaður stjórnar



## HELSTU SAMNINGAR

Í skránni hér á eftir er fyrst getið um samningsaðila, síðan eðli samningsins og loks dagsetningu undirskriftar.

### Háskólinn á Akureyri og Hugvít

Samstarfssamningur um innleiðingu á GoPro.net. 13. janúar 2006.

### Háskólinn á Akureyri, RES – Orkuskóli og Comenius University í Slóvakíu.

Samstarfssamningur um kennslu. 27. febrúar 2006.

### Háskólinn á Akureyri, Hólaskóli – Háskólinn á Hólum, FISK Seafood, Rannsóknastofnun f skiðnaðarins og Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands.

Samstarfssamningur um rannsóknir og nýsköpun í Þróunarsetri Hólaskóla. 7. mars 2006.

### Háskólinn á Akureyri og SFR – stéttarfélag í almannáþjónustu.

Stofnanasamningur. 25. apríl 2006.

### Háskólinn á Akureyri, Háskóli Íslands, Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri og Ohio State University.

Samkomulag (Memorandum of agreement) um kennslu og rannsóknir. 10. maí 2006.

### Háskólinn á Akureyri og The China University of Political Science and Law.

Samkomulag (Draft memorandum) um kennslu. 2. júní 2006.

Samkomulag (Draft memorandum) um rannsóknir. 2. júní 2006.

### Háskólinn á Akureyri og Landspítali – háskólasjúkrahús.

Samningur um aukið samstarf í rannsóknum og þróunarverkefnum á sviði heilbrigðisvísinda. 7. júní 2006.

### Háskólinn á Akureyri, Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar og Dalvíkurbyggð.

Samkomulag um fjarnám. 8. ágúst 2006.

### Kennaradeild Háskólans á Akureyri og Hrafnagilsskóli.

Samningur um vettvangsnám og æf ngakennslu. 15. ágúst 2006.

### Símenntun Háskólans á Akureyri og Fasteignamat ríkisins.

Samningur um þjónustu vegna námskeiða fyrir starfsmenn sveitarfélaga og þjónustuaðila þeirra. 13. september 2006.

### Háskólinn á Akureyri og Félag háskólakennara á Akureyri.

Stofnanasamningur. 28. september 2006 (gildir frá 1. maí 2006).

### Háskólinn á Akureyri og Coventry University Higher Education Corporation.

Samkomulag (Memorandum of understanding) um kennslu og rannsóknir. 1. október 2006.

### Háskólinn á Akureyri og the State of Oregon on behalf of Oregon State University.

Samkomulag (Memorandum of understanding) um kennslu og rannsóknir. 9. nóvember 2006.

### Samstarfsstofnanir sem staðsettar eru í húsakynnum háskólans eru:

Hafrannsóknastofnunin	Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	Rannsóknastofnun f skiðnaðarins
<a href="http://www.hafro.is">http://www.hafro.is</a>	<a href="http://www.svs.is">http://www.svs.is</a>	<a href="http://rf.is">http://rf.is</a>
Orkustofnun	Veðurstofa Íslands	
<a href="http://www.rf.is">http://www.rf.is</a>	<a href="http://www.vedur.is">http://www.vedur.is</a>	

Alls bárust 25 umsóknir um styrki úr Rannsóknasjóði HA. Sjóðurinn hafði tæplega 12.500.000 til ráðstöfunar og styrkti alls 21 verkefni. Eftirtaldir hlutu styrki:

Andrew Brooks. Data-mining of healthcare data. 650.000 • Elín Aradóttir og Hjalti Jóhannesson. Nordic Hunting Tourism. Styrkurinn er gjafafé frá Akureyrarbæ. 900.000 • Elísabet Hjörleifs-dóttir. Skiptir búseta máli. 300.000 • Elizabeth Fern. Félagssráðgjafar skilgreina bernsku. 800.000 • Guðrún Alda Harðardóttir. Ígrundað nám leikskólabarna. 600.000 • Hreiðar Þór Valtysson. Neðansjávarstrytur í Eyjafrói. 2.000.000 (þar af er 1.500.000 styrkur frá Akureyrarbæ) • Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. Læsi og lestrarfærni. 400.000 • Jóhann Örylgsson. Orka úr pappír. 1.000.000 • Kristín Aðalsteinsdóttir. Nám á fullorðinsárum. 340.000 • Nikolai Gagunashvili. Development of methods of inverse problem and comparison measured and simulated weighted histograms in statistical data analyses. 300.000 • Rafn Kjartansson. Tölvutækur gagnagrunnur í ensk-íslensku/íslensk-ensku lögfræðimáli. 170.000 • Rósa G. Eggertsdóttir. Byrjendalæsi, fræðslumyndband. 400.000 • Rósa Kristín Júlíusdóttir. Fagurfræðilegar upplifanir ungra barna. 200.000 • Rúnar Sigþórsson. Áhrif samræmdra prófa í íslensku og náttúrufræði á kennsluhætti á mið- og unglingsstigi grunnskóla í fjórum íslenskum grunnskólum. 450.000 • Sigrún Sveinbjörnsdóttir. Réttmætisathugun á bjargráðakvarða fyrir unglings. 300.000 • Sigþór Pétursson. Af eiður fjölydroxy efna-sambanda og staðbundnir varmahópar. 220.000 • Snæfríður Þóra Egilson. Börn, ungmenni og fötlun. 850.000 • Steingrímur Jónsson. Bók um hafrannsóknir á norðanverðu Norður-Atlantshaf. 330.000 • Trausti Þorsteinsson. Ábyrgðarhlutverk skólastjóra grunnskóla og dreifing ábyrgðar til millistjórnenda. 500.000 • Þóroddur Bjarnason. Rannsókn á vímuefnaneyslu evrópskra skólanema. 1.350.000 • Ögmundur Knútsson. Ráðstefnurit vegna ráðstefnu NSN á Akureyri, 22.-25. september 2005. 400.000.

Á fundi stjórnar Lífækinets í auðlindanýtingu hinn 15. mars var samþykkt úthlutun til fimm verkefna. Í ár hlutu fjórir starfsmenn sem starfa á sviði auðlindafræða við HA styrki. Þau eru:

Hjörleifur Einarsson. Lífvirk íblöndunarefni úr sjávargróðri fyrir matvæli og snyrtivörur (framhalds-verkefni). 4.600.000. Skiptist á milli HA, Þörungaverksmiðjunnar hf., Seró ehf. og Pharmartica hf. • Jóhann Örylgsson. Nýting jarðhita í líftækni (framhaldsverkefni). 8.400.000. Skiptist á milli Prokaria ehf., HA og Verkfræðistofu VGK hf. • Oddur Vilhelmsson. Próteinmengjagreiðing á and-MÓSA virkni náttúruafurða í Eyjafrói. 2.500.000. Skiptist á milli HA og Náttúrufræðistofnunar Íslands. • Rannveig Björnsdóttir. Notkun lífvirkra efna í lúðveldi (framhaldsverkefni). 5.500.000. Skiptist á milli Rf/HA, Fiskey ehf., Primex ehf. og Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Á aðalfundi KEA þann 6. maí var tilkynnt um úthlutun úr Háskólasjóði KEA. Til úthlutunar voru 5.000.000 en 22 umsóknir bárust sjóðnum, samtals að upphæð 20.200.000. Eftirtaldir hlutu styrki:

Guðrún Rósa Þorsteinsdóttir, RHA. Fjarnám til framtíðar – neþáskóli. 500.000 • Hjörleifur Einarsson, auðlindadeild. Sérskipulagt námskeið í auðlindafræðum fyrir erlenda nemendur. 500.000 • Hreiðar Þór Valtysson, auðlindadeild. Rannsóknir á fjölda og atferli nytjafaska í Eyjafrói. 1.000.000 • Jóhann Örylgsson, auðlindadeild. Fóður úr vetni. 500.000 • Jón Þ. Þór, auðlindadeild. Vestnordens historie (VNH). 500.000 • Rannveig Björnsdóttir, auðlindadeild. Rannsóknir á ónæmissvörun

Lúðulirfa. 500.000 • Syed Murtaza, upplýsingatæknideild. Providing virtualized services within the hybrid Grid infrastructure to run large scale simulations. 500.000 • Þórleifur Stefán Björnsson, rannsókn- og alþjóðasvið. Nám í orkufræðum við Háskólann á Akureyri. 500.000 • Ögmundur Knútsson, RHA. Ráðstefnurit vegna ráðstefnu NSN á Akureyri, 22.-25. september 2005. 500.000.

Eignarhaldsfélag Samvinnuþrygginga veitti HA styrk að upphæð 10.000.000 til að efa nám í lögfræði við skólann. Styrkurinn var veittur til að heiðra minningu Ólafs Jóhannessonar, fyrrum forsætisráðherra og prófessors í lögum. Styrkurinn verður nýttur til að efa rannsóknir og kennslu við félagsvísinda- og lagadeild á þeim sviðum lögfræði sem voru Ólaf sérstaklega hugleikin. Má þar nefna stjórnskipunarrétt, þjóðarrétt og mannréttindi sem hafa frá stofnun félagsvísinda- og lagadeildar verið áherslusvið í laganámi deildarinnar.


Jóhann Örylgsson dósent fékk úthlutað styrk úr Tækniþróunarsjóði í verkefnið LífE tándi til rannsókna í tengslum við framleiðslu etanóls unnið með lífrænum aðferðum sem orkugjafa. Verkefnið er samstarfsverkefni HA, Prokaria ehf. og VGK verkfræðistofnunar hf.

Eins og undanfarin ár veitti Landsbanki Íslands tveimur nemendum HA styrk til framhaldsnáms í greinum sem tengjast sjávarútvegi eða fjármálastarfsemi eða til rannsóknaverkefnis á sömu sviðum. Hvor styrkur er að fjárhæð 500.000. Að þessu sinni hlutu styrk Guðbjörg Stella Árnadóttir sem brautskráðist frá auðlindadeild 2006 og Halldór Pálmi Bjarkason sem brautskráðist frá viðskipta-deild 2005. Guðbjörg Stella hóf rannsóknatengt framhaldsnám við auðlindadeild í júní 2006. Verkefnið sem hún vinnur að heitir Þróun iðnaðarvæðs þorskeldis: stjórn vaxtar og kynþroska með háþróuðum ljósabúnaði. Halldór Pálmi hefur stundað M.Sc.-nám í fjármálaverkfræði við Cass Business School í London frá hausti 2005. Megináhersla í náminu er á stærðfræði- og tölfræðilegar aðferðir til að meta fjármálaáhættu og verðleggja fókna fjármálaafurðir og af eiðusamninga.

Hugvít hf. og HA gerðu samstarfssamning á árinu þar sem kveður á um að Hugvít veiti tvo styrki árlega að upphæð 500.000 hvor, næstu þrjú árin, til nemenda sem leggja stund á nám í raunvísindum við HA. Framlag HA til samstarfsins er að innleiða rafræna stjórnun í rekstri sínum með innleiðingu skjala- og málakerfins GoPro og uppfylla ákv. nýttaleyf s- og þjónustusamnings vegna þess.

KB banki styrkti rannsóknaverkefni í tölvunarfræðum við HA. Nemendur tölvunarfræðideildar unnu verkefnið sem snerist um að tengja saman tölvur og mynda þannig ófuga tölvuþrýpingu, þá fyrstu í HA. KB banki hefur gefið alls 17 tölvur til verkefnisins.


Skipting kostnaðar



Rekstrarreikningur 2006

	2006	2005
<b>Tekjur</b>		
Innritunargjöld	50.705.891	54.163.899
Framlög og styrkir	164.743.021	130.980.708
Aðrar tekjur	139.240.268	102.369.160
	<u>354.689.180</u>	<u>287.513.767</u>
<b>Gjöld</b>		
Laun og launatengd gjöld	967.321.922	932.014.914
Húsnæðiskostnaður	118.754.375	106.646.338
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	54.788.412	48.766.073
Funda- og ferðakostnaður	82.095.078	73.654.520
Aðkeypt sérfræðipjónusta	63.686.176	45.616.352
Annar rekstrarkostnaður	35.347.276	38.810.902
Tilfærslur	18.831.000	19.813.673
	<u>1.340.824.239</u>	<u>1.265.322.772</u>
Eignakaup	17.211.398	48.226.409
	<u>1.358.035.637</u>	<u>1.313.549.181</u>
<b>Tekjuafgangur (tekjuhali) fyrir hreinar fjármunatekjur</b>	(-1.003.346.457)	(-1.026.035.414)
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	18.251.204	11.334.458
<b>Tekjuafgangur (tekjuhali) fyrir ríkisframlag</b>	(-985.095.253)	(-1.014.700.956)
Ríkisframlag	969.793.244	928.100.000
<b>Tekjuafgangur (tekjuhali) ársins</b>	<b>(-15.302.009)</b>	<b>(-86.600.956)</b>

Skipting tekna



Efnahagsreikningur 2006


	2006	2005
<b>Eignir</b>		
<b>Áhættufjármunir</b>		
Eignarhlutir í félögum	14.000.000	1.000.000
	<u>14.000.000</u>	<u>1.000.000</u>
<b>Vel tufjármunir</b>		
Viðskiptakröfur	49.676.052	46.949.197
Handbært fé	104.967.773	151.002.155
	<u>154.643.825</u>	<u>197.951.352</u>
<b>Eignir alls</b>	<b>168.643.825</b>	<b>198.951.352</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		
<b>Eigið fé</b>		
Höfuðstóll		
Höfuðstóll í ársbyrjun	(321.380.764)	(234.779.808)
Tekjuafgangur (-hali) á árinu	(15.302.009)	(86.600.956)
	<u>(336.682.773)</u>	<u>(321.380.764)</u>
<b>Eigið fé</b>	<b>(336.682.773)</b>	<b>(321.380.764)</b>
<b>Skuldir</b>		
<b>Skammtímaskuldir</b>		
Ríkissjóður	492.608.714	507.229.739
Viðskiptaskuldir	12.717.884	13.102.377
	<u>505.326.598</u>	<u>520.332.116</u>
<b>Skuldir</b>	<b>505.326.598</b>	<b>520.332.116</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>	<b>168.643.825</b>	<b>198.951.352</b>

Formleg sameining auðlinda- og upplýsingatæknideildar og viðskiptadeildar í viðskipta- og raunvísindadeild fór fram þann 1. júní 2006 en við brautskráningu voru kandidatar brautskráðir frá sínum gömlu deildum. Brautskráning kandidata var sem hér segir:

B.S. próf í fskeldisfræði	3	B.A. próf í nútímafræði	5
B.S. próf í líftækni og fskeldisfræði	1	B.S. próf í hjúkunarfræði	29
B.S. próf í líftækni	4	B.S. próf í iðjuþjálfunarfræði	19
B.S. próf í sjávarútvegsfræði	10	Diplóma í heilbrigðisvísindum	6
B.S. próf í sjávarútvegs- og umhverf sfræði	1	M.S. próf í heilbrigðisvísindum	1
B.S. próf í umhverf sfræði	2	M.S. próf í hjúkunarfræði	3
B.S. próf í umhverf s- og fskeldisfræði	1	M.S. próf í iðjuþjálfun	1
B.S. Honors próf í sjávarútvegsfræði	1	B.Ed. próf í kennarafræði	31
M.S. próf í auðlindafræði	1	B.Ed. próf í leikskólafræði	67
M.S. próf í sjávarútvegsfræði	1	Kennslufræði til kennsluréttinda	42
B.A. próf í fjölmíðlafræði	8	Dipl. Ed. próf í menntunarfræðum	6
B.A. próf í sálfræði	12	M.Ed. próf í menntunarfræðum	5
B.A. próf í samfélags- og hagþróunarfræði	9	B.S. próf í tölvunarfræðum	12
B.A. próf í lögfræði	11	B.S. próf í viðskiptafræði	50

### Brautskráðir frá upphaf

Deild	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	Samtals
Auðlinda- og lagadeild																7	17	25	49
Félagsvísinda- og lagadeild																	3	45	48
Heilbrigðisdeild			11	9	17	14	18	15	24	23	21	35	32	43	53	57	78	59	509
Kennaradeild								69	20	11	59	65	73	51	105	129	119	151	852
Viðskipta-/Rekstrardeild	8	11	6	16	21	23	27	39	13	11	15	14	27	39	37	48	71	50	476
Sjávarútvegsdeild						9	7	4	11	22	4	9	7	12	7	4			96
Upplýsingatæknideild																17	3	12	32
<b>Samtals</b>	<b>8</b>	<b>11</b>	<b>17</b>	<b>25</b>	<b>38</b>	<b>46</b>	<b>52</b>	<b>127</b>	<b>68</b>	<b>67</b>	<b>99</b>	<b>123</b>	<b>139</b>	<b>145</b>	<b>202</b>	<b>262</b>	<b>291</b>	<b>342</b>	<b>2062</b>



Ég byð ykkur öll innilega velkomin til þessarar árlegu háskólahátíðar Háskólans á Akureyri.

Hver hefði fyrir áratug trúað því að rúmlega 340 kandidatar myndu brautskrást frá Háskólanum á Akureyri vorið 2006? Hver hefði fyrir áratug trúað því að svo glæsilegur hópur, svo kröftugur hópur, myndi útskrifast vorið 2006? Þið eruð langstærsti hópur sem hefur brautskráðst héðan.

Eins og þið eruð hreykin af þeim áfanga sem þið fagnið hér er í dag, er ég stoltur af ykkur. Þið eruð sem hópur glæsilegur vitnisburður um þá öru þróun og miklu uppbyggingu sem verið hefur við Háskólann á Akureyri síðustu árin.

Þessi mikla aukning og uppbygging Háskólans á Akureyri hvílir í senn á draumum og skýrri sýn - út yfir hringinn þrönga.

Fyrir 10 árum, vorið 1996 brautskráðust 127 nemendur frá háskólanum og þá voru allir nemendur háskólans jafnmargir og þið eruð hér í dag.

Á tíu árum hefur nemendum fjölgað úr rúmlega 350 í tæplega 1500 og háskólinn hefur aukið hlutdeild sína í heildarfjölda háskólanema úr 5% í rúm 9% á sama tíma.

En það er almunna að magn er ekki sama og gæði. Við höfum fylgst vel með brautskráðum nemendum og hvernig þeim hefur vegnað. Könnun meðal brautskráðra á árunum 1989-2003 sýnir að þeir meta mjög það veganesti sem háskólinn hefur veitt þeim. Mikil ánægja ríkir með fræðilegan hluta náms sem og ráðgjöf og handleiðslu kennara. Ánægjan er mest með þætti eins og aukna hæfni til að af a sér þekkingar og þjálfun í gagnrýnni hugsun og sjálfstæðum vinnubrögðum.

Þessi skilaboð frá fyrri nemendum eru afar skýr. Viðurkennd er sú akademíska menntun sem nemendur hljóta hér og staðfest er að atvinnulíf þið kann að meta þessa þætti.

Þið eruð drifkraftur og vitnisburður um hina öru þróun sem átt hefur sér stað við Háskólann á Akureyri.

Þið fyllið nú þann hóp atorkusamra frumherja sem hafa byggt upp Háskólann á Akureyri.

Í dag er gleðin ykkar sem hafð náð þessum markverða áfanga. Hjá okkur er sú gleði blandin trega að sjá á bak tryggum og metnaðarfullum hópi.

Almennt séð er íslenskt háskólasamfélag að þróast í þá átt að leggja meiri áherslu á framhaldsnám og krafa um gæði eykst ár frá ári. Sífellt stærri hluti fólks á öllum aldursskeiðum stundar nú háskólanám. Til marks um það hefur fjöldi þeirra sem stunda nám í háskólum innanlands tvöfaldast frá árinu 1997 og er nú um 16 þúsund.

Ég fullyrði að á stuttum starfstíma sínum hefur Háskólinn á Akureyri haft mikil og jákvæð áhrif á íslenskt samfélag og skilað því hæfum einstaklingum. Þessu mikilvæga starf vill háskólinn halda áfram og ef a enn frekar samhliða því að þróa starfsemi sína í samræmi við það sem best gerist í erlendum háskólum.

Mikilvægi háskólamenntunar fyrir uppbyggingu sjálfbærs samfélags sem hefur velferð þegnanna að leiðarljósi kemur sífellt skýrar í ljós. Í kynnisferð sem ég fór nýlega, í breska háskóla, kom vel fram áhersla þeirra á hlutverk skólanna í svæðisbundinni þróun þannig að háskólarnir í samvinnu við atvinnulíf þið og hið opinbera, þ.e. ríki og sveitarfélög, taki þátt í að endurskapa atvinnulíf í sínu nærumhverf.



## BRAUTSKRÁNINGARRÆÐA REKTORS

Hér á landi væri þetta kölluð byggðastefna sem jaðrar við skammaryrði hjá höfuðborgarmiðuðum stjórnmalámonnum. En í framsækinni atvinnustefnu stjórnvalda í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við er uppbygging atvinnulífs í tengslum við háskóla helsta leiðarljós þeirra til fram tíðar. Ein meginlausnin á vanda landsbyggðar sem einkennist af hnignandi atvinnugreinum á sviði frumframleiðslu gæti einkum falist í því að lögð verði aukin áhersla á að ef a þá háskólastarfsemi sem fyrir er á landsbyggðinni, m. a. hér við Háskólann á Akureyri. Í þessu sambandi vil ég vekja athygli á að í nýsamþykktri byggðaaætlun fyrir árin 2006-2009 sem iðnaðar- og viðskiptaráðherra lagði fram á Alþingi er gert ráð fyrir frekari ef ingu Háskólans á Akureyri og að hann gegni áfram lykilhlutverki í uppbyggingu háskólanáms í landinu. Þessari fyrirætlun stjórnvalda ber að fagna.

Ríkisvaldið hefur einnig f eiri möguleika sem stjórnvöld í mörgum öðrum löndum hafa beitt, þ.e. að fytja opinber störf frá höfuðborgarsvæðinu til landsbyggðarinnar. Á Íslandi er misvægi opinberra starfa milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðar orðið gífurlegt. Í svari fjármálaráðherra við nýlegri fyrirspurn á Alþingi, um fjölda ríkisstarfsmanna, kemur fram að af rúmlega 13 þúsund ríkisstarfsmönnum búa og starfa ríflega 11 þúsund á höfuðborgarsvæðinu. Í Reykjavík er hlutfall ríkisstarfsmanna af íbúafjölda tæplega 9%, þ.e. næstum tundi hver íbúi starfar hjá ríkinu en á landsbyggðinni er samsvarandi hlutfall tæplega 2%. Í nútíma þekkingarþjóðfélagi er þetta misvægi tímaskekkja.

Þau rök heyrast gjarnan frá talsmönnum höfuðborgarsvæðisins að opinber störf skipti ekki máli fyrir atvinnuuppbyggingu. Þessi staðhæfng er röng, sem sést m. a. á því hve mikil áhersla hefur verið lögð á að fjölga opinberum störfum í höfuðborginni.

Þau rök heyrast einnig að opinber störf þurf að vera í Reykjavík af því að f estir búa þar. Þessi rök halda ekki því þegar við höfum hliðsjón af starfsemi nútíma fyrirtækja á einkamarkaði hér á landi þá starfa þau mjög oft dreift með bækistöðvar víða um landið og jafnvel allan heim. Fyrst fyrirtæki á einkamarkaði geta starfað þannig, því ætti ríkið ekki að geta skipulagt starfsemi sína með þessum hætti. Ríkið hefur ákveðnar skyldur við þegna landsins hvar sem þeir búa. Hagnýting upplýsingatækni gerir mögulegt að dreifa störfum með þessum hætti og það hafa stjórnvöld í nálægum ríkjum notfært sér með áhrifaríkum hætti. Í fyrrnefndri byggðaaætlun er lögð áhersla á að fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni á næstu árum sem eru jákvæð skilaboð frá stjórnvöldum.

Við eigum að bera saman stöðu íslensku þjóðarinnar við stöðu annarra þjóða á öld þekkingar og upplýsinga. Á tímum stöðugra breytinga nýtast ekki tækifærin sem þjóðast, nema með meiri og betri menntun, rannsóknum og vísindum.

Við Íslendingar hugsum stórt þótt smá séum. Við eigum að bera höfuðið hátt og gera kröfur um að standast alþjóðlegan samanburð.

Þrátt fyrir ákveðið misvægi í þróun íslensks samfélags stöndum við vel að vígi á mörgum sviðum jafnvel á heimsmælikvarða.

Samkeppnishæfni ríkja er einn sá mælikvarði sem þjóðir horfa gjarnan til. Einn markverðasti samanburður á samkeppnishæfni ríkja er fenginn árlega frá Heimsviðskiptaráðinu „World Economic Forum“ í Davos í Sviss. Á þeim mælikvarða er Ísland nú í 7. sæti meðal samkeppnishæfustu þjóða veraldar.

Þetta er afar góður árangur. Við erum ekki eingöngu ein efnadasta þjóð veraldar, heldur búum í einu samkeppnishæfasta ríki heims hvað varðar efnahag og þjóðfélagsuppbyggingu.

Það er verkefni okkar allra að halda þessari sterku stöðu og stefna hærra. En hvernig verjum við þá góðu stöðu? Hvernig getum við gert betur?

Það sem skiptir meginmáli fyrir samkeppnishæfni ríkja er hæfni atvinnulífsins til nýsköpunar og þróunar. Þjóðir skapa sér samkeppnisforskot í þeim greinum, þar sem umhverfið heima fyrir einkennist af framsýni, sveigjanleika og kröfum.

Það er athyglisvert að skoða hvaða þættir það eru sem draga úr samkeppnishæfni Íslands. Að mati World Economic Forum hefur mannauður minna vægi á Íslandi og Noregi en á öðrum Norðurlöndum. Menntun er einn mikilvægasti þáttur hagvaxtar og nýsköpunar til lengri tíma lítið. Á Íslandi fer lægra hlutfall fólks á háskólaaldri í háskóla en hjá öðrum Norðurlandþjóðum.



## BRAUTSKRÁNINGARRÆÐA REKTORS

Þessi munur hefur þó farið minnkandi á undanförunum árum. Stjórnvöld á Norðurlöndum hafa beitt sér fyrir að ef a menntun á öllum stigum, sérstaklega þó rannsóknatengt framhaldsnám í vísinda- og tæknigreinum. Á Íslandi er rannsóknatengt framhaldsnám skemmra á veg komið og aðgengi að starfsþjálfun er takmarkaðra hér en í samanburðarlöndum.

Að mati World Economic Forum verða einstök lönd að ráðast á veikleika sem hefta framleiðniaukningu í hagkerfi þeirra og draga niður samkeppnishæfnina. Sérstaka athygli fá veikleikar Íslands þegar kemur að gæðum opinberra rannsóknastofnana og rannsóknasamstarf háskóla og fyrir tækja.

World Economic Forum bendir á, að ónóg samskipti atvinnulífs og háskóla dragi úr samkeppnishæfni Íslands. Styrkja þurf menntun og mannauð til að bæta lífskjör á Íslandi.

Við eigum að styrkja samkeppnishæfni Íslands með því að tryggja greiðari samskipti atvinnulífs og háskóla.

Við eigum að styrkja samkeppnishæfni Íslands með því að auka vægi mannauðs í hagkerfi okkar.

Við eigum að styrkja samkeppnishæfni Íslands með því að byggja upp háskóla landsins og skapa þeim skilyrði til að eiga farsælt samstarf við atvinnulíf.

Fyrst og fremst þarf atvinnulíf góða háskóla sem gera kröfu um gagnrýna hugsun en ekki fyrirtæki sem framleiða nemendur með prófgráður.

Ef vel á að vera eiga háskólar landsins að verða af vélar aukins hagvaxtar og ófugs atvinnulífs á Íslandi.

Þannig tryggjum við enn betri lífskjör á Íslandi.

Háskólinn á Akureyri hefur ætíð tekið tillit til þarfa atvinnulífsins við nám, kennslu og rannsóknir. Háskólinn vill styrkja þessi tengsl enn frekar með uppbyggingu vísindagarða á háskólasvæðinu þar sem háteknifyrirtæki sem vilja starfa með háskólanum myndu staðsetja sig.

Mikilvægt skref í átt að þessu markmiði var stigið í síðasta mánuði þegar Landsaf hf. og Þekkingarvörður ehf. sem er þróunarfélag háskólans undirrituðu viljayfrlýsingu um byggingu 4.000 m<sup>2</sup> viðbyggingar við Borgir, rannsókn- og nýsköpunarhús við háskólann. Í þessu nýja húsnæði er gert ráð fyrir að starf fyrirtæki á sviði upplýsingatækni, alþjóðlegur orkuskóli og að sérstök aðstaða verði fyrir nýsköpun og sprotastarfsemi.

Uppbygging vísindagarða mun styðja við það markmið Háskólans á Akureyri að vera leiðandi stofnun við þekkingar- og hæfnisuppbyggingu í landinu. Þannig skapast vettvangur fyrir markvissa uppbyggingu rannsókn- og samstarfsverkefna háskólans.

Vísindagarðar munu ef a nauðsynlegar ytri tengingar háskólans og styðja við áframhaldandi forystuhlutverk hans. Vísindagarðar stuðla að því hlutverki háskólans að miðla þekkingu til atvinnulífs í þeim tilgangi að ef a samkeppnishæfni. Nærvera fyrirtækja getur verið mikilvægur stuðningur við deildir háskólans. Hinn nýi meirihluti í bæjarstjórn Akureyrar leggur í málefmasamningi sínum áherslu á aðild bæjarins að þróun og skipulagi þekkingarþorps á svæði háskólans og þátttöku bæjarins í uppbyggingu alþjóðlegs orkuskóla í tengslum við háskólann. Þessi stuðningur Akureyrarbæjar og KEA sem mun einnig koma að þessu máli á afgerandi hátt er afar mikilvægur fyrir framgang þessara mikilvægu verkefna.





## BRAUTSKRÁNINGARRÆÐA REKTORS

Í áframhaldandi þróun þekkingarsamfélagsins gegnir sí- og endurmenntun æ meira hlutverki. Til að ef a símenntun enn frekar þarf íslenskt samfélag að tryggja betur samgang hins óformlega menntakerfs og hins formlega, m.a. háskóla. Tilhneigingin hefur stundum verið sú að líta aðskilið á þessi kerfi og telja að atvinnulíf þi beri ábyrgð á símenntun og ríkisvaldið á almennri menntun og háskólamenntun.

Háskólinn á Akureyri hefur tekið mikilvæg skref til að brúa gjá milli símenntunar og háskólamenntunar. Þannig býður háskólinn upp á fjarnám sem nær til alls landsins í samvinnu við sí- og endurmenntunarmiðstöðvar. Varðandi þennan mikilvæga þátt menntunar hefur Háskólinn á Akureyri gegnt mikilvægu forystuhlutverki í landinu með uppbyggingu fjölbreytts fjarnáms.

Fjarnámið er sveigjanlegt námsform, óháð stund og stað í sumum fræðigreinum, sem gerir fólki kleift að stunda það samhliða vinnu. Þannig eru þeir sem stunda fjarnám oft virkir þátttakendur í atvinnulíf í sinni heimabyggð. Fjarnám gefur þeim kost á að stunda nám án þess að fytja brott þaðan. Atvinnulíf þi nýtur áfram starfskrafta þeirra og á grundvelli nýrrar þekkingar úr náminu munu þeir taka þátt í að endurskapa atvinnulíf þi í sinni heimabyggð.

Verkalýðshreyfingin, sem er fjölmennasta fjöldahreyfingin landsins, hefur lagt mikla áherslu á símenntun sinna félagsmanna. Í síðasta mánuði var um tímamótaatburð að ræða þegar 25 talsmenn stéttarféлага voru í fyrsta sinn brautskráðir úr rekstrar- og stjórnunarnámi við Símenntun Háskólans á Akureyri, sem starfrækt er í samstarf við Félagsmálaskóla alþýðu og viðskiptadeild háskólans.

Forystumenn atvinnurekenda í landinu hafa um nokkurt skeið látið sig málefni háskóla varða og hafa mikil ítök í a.m.k. tveimur einkaháskólum hér á landi.

Fyrir fram tíðarþróun verkalýðshreyfingarinnar og uppbyggingu framsækis velferðarsamfélags tel ég afar mikilvægt að verkalýðshreyfingin haf einnig áhrif á mótun háskólasamfélagsins í landinu. Háskólinn á Akureyri telur afar mikilvægt það samstarf við verkalýðshreyfinguna sem þegar er hafð og vill ræða við forsvarsmenn hennar um hvernig það verði þróað áfram.

Verkalýðshreyfingin – og atvinnurekendur – hafa einnig mikilvægu hlutverki að gegna í að styrkja starfsnám og símenntun í landinu. Það kallar á sameiginlegt átak aðila vinnumarkaðarins með ríkisvaldinu að marka skýrari sýn á símenntun og að ef a samræðuvettvang um málefni starfs- og símenntunar. Það kallar á meiri samstillingu þeirra mörgu sjóða og félaga sem sinna þessum málum í dag. Starfsumhverf þar er fokið og þar mætti nýta krafta manna betur.

Í skýrslu Viðskiptaráðs Íslands sem kom út nú í febrúar er fjallað um uppbyggingu menntunar á Íslandi og þátt hennar í samkeppnishæfara atvinnulíf. Af mörgum áhersluatriðum er þar tvennt sem ég vil staldra við.

Annars vegar er sá þungi sem ráðið leggur á uppbyggingu alþjóðlegra háskóla hér á landi. Viðskiptaráðið vill reyndar leggja áherslu á að Íslendingar sækji meira til alþjóðlegra háskólastofnana, enda berist nýir straumar og stefnur í vísindum til landsins þegar Íslendingar sækja framhaldsnám erlendis. En á sama tíma verði að gera þá kröfu til íslenskra háskóla að þeir séu í stakk búinir að bjóða erlenda námsmenn velkomna til náms hér á landi. Að auki verði háskólar að ef a enn frekar tengsl sín við erlenda háskóla og fyrirtæki með það fyrir augum að nemendur stundi hluta náms eða þjálfun erlendis.

Undir þetta tek ég heils hugar. Háskólinn á Akureyri á í ríkari mæli að taka meiri þátt í alþjóðlegri uppbyggingu háskólastigsins hér á landi sem er nauðsynleg. Það hniga mörg rök að því að undirbúa þarf af meiri krafti möguleika erlendra nemenda til menntunar hér á landi. Það gerist eingöngu með meiri kennslu á ensku, þar sem jafnvel heilu námsbrautirnar eða skólarnir hafa ensku að tungumáli. En að sama skapi verður eigandi Háskólans á Akureyri – ríkisvaldið að taka þátt í þessari uppbyggingu með viðurkenningu á að hluti nemenda sem fjármagnaður er með almannafé séu útlendingar. Þá ber að undirstrika að það er mikilvægur mælikvarði á gæði íslensks háskólastarfs að námsmenn og fræðimenn erlendis frá kjósi að stunda nám og rannsóknir hér á landi.

Hitt atriðið í skýrslu Viðskiptaráðs sem ég staldra við er spá ráðsins um fjölgun háskólanema í íslenskum háskólum árið 2015.



## BRAUTSKRÁNINGARRÆÐA REKTORS

Í varlegri spá, þar sem byggt er á vexti síðustu ára, áætla ráðið að nemendur í íslenskum háskólum verði árið 2015 um 35.000 talsins. Ef Háskólinn á Akureyri ætla að viðhalda þeim hundradshluta íslenskra háskólanema sem hann hefur nú eða um 9% yrði fjöldinn hér um 3.200 nemendur árið 2015. Gangi það eftir gætum við árið 2015 verið að brautskrá um 700 kandiata héðan.

Nú ætla ég ekki að leggja mat á þessa spá Viðskiptaráðs Íslands, en ég hlýt að bryna stjórnvöld til að huga að þessum málum, sem og bæjaryfirvöld á Akureyri og aðra þá er hafa hagsmuni af því að háskólinn haldi sínum hluti fyrirhuguðum vexti.

Ég tel að það skipti einnig miklu fyrir íslenskt samfélag að verði fjölgun nemenda með þessum hætti, þá verði horft til æskilegrar samfélagsþróunar og mikilvægis þess að öfugur háskóli sem staðsettur er utan höfuðborgarsvæðisins fái nauðsynlegar forsendur til að halda áfram að vaxa og þroskast.

Miklum og örur vexti fylgja jafnan vaxtarverkir og eins og fram hefur komið undanfarið hefur Háskólinn á Akureyri átt við rekstrarvanda að etja sem stjórnvöldum hefur ítarlega verið gerð grein fyrir. Háskólaráð og stjórnendur Háskólans á Akureyri hafa tekið á þessu máli með ábyrgum hætti og sýnt eindreginn vilja til að ná sparnaði svo jafnvægi náist í rekstri. Þetta hefur kallað á aðgerðir til að draga úr rekstrarkostnaði.

Háskólaráð samþykkti á liðnu skólaári nýtt deildaskipulag og breytingar á stjórnsýslu og þjónustu háskólans með það að markmiði að ná fram jafnvægi í rekstri háskólans. Samþykktirnar eru jafnframt liður í að styrkja innviði háskólans því þær fela í sér verulega einföldun á stjórnskipulagi og skýrari boðleiðir. Aðgerðirnar felast aðallega í sameiningu deilda, aukinni samnýtingu námskeiða sem og sameiningu þjónustusviða. Fræðigreinum og námsleiðum verður þó ekki fækkað og rannsóknatengt framhaldsnám verður eft til muna.

Þær háskóladeildir sem hafa akademiska snertifeti og reynslu af samvinnu hafa verið sameinaðar. Fyrst í stað verða deildirnar fjórar í stað sex, þ.e. viðskipta- og raunvísindadeild, félagsvísinda- og lagadeild, heilbrigðisdeild og kennaradeild.

Breyting á skipulagi deilda er gerð í því skyni að gera námsframboð markvissara, samræma stærð námskeiða og auka samkenslu, auk þess sem stærri og öfugri deildir ná betur að sinna rannsóknum og kennslu á grunn- og framhaldsstigi. Mikilvægt er að stjórnvöld auðveldi háskólanum endurskipulagninguna með því að styrkja fjárhag hans og halda áfram með byggingarframkvæmdir á háskólasvæðinu, þannig að öll háskólastarfsemin haf bækistöðvar þar. Ný deildaskipan gerir hreinlega kröfu um þessa nálægð. Ég trúir því að til lengri tíma liðið geti sameining deilda skapað fjölbreyttara námsframboð með samsettum námsgráðum án þess að fjölgað verði kenndum námskeiðum.

Stoðþjónusta við deildir hefur verið gerð heildstæðari og skilvirkari með fækkun þjónustusviða úr sex í eina háskólastofu. Jafnframt verður innra starf háskólans styrkt með því að koma á fót framkvæmdastjórn annars vegar og háskólafrundi hins vegar. Lögð er til breyting á skipan og hlutverki háskólaráðs með meiri tengingu við atvinnulíf og auknu hlutverki ráðsins í stefnumótun. Við Háskólann á Akureyri fer fram um þessar mundir umfangsmikil stefnumótunaræða og hafa fjölmargir aðilar bæði utan og innan háskólans tekið virkan þátt í þeirri umræðu. Kann ég þeim öllum bestu þakkir fyrir framlag þeirra. Niðurstöður þessarar vinnu verða kynntar við upphaf næsta skólaárs.

Eftir vinnu við skipulagsbreytingar og stefnumótun er meginatriðið að eftir standi sterkari háskóli. Við þurfum að sniða okkur stakk eftir vexti en undirbúa okkur undir enn frekari vöxt, enda samfélag okkar



## BRAUTSKRÁNINGARRÆÐA REKTORS

að taka miklum breytingum. Fátt annað er í kortunum en að háskólanemum muni fjölga verulega á næstu árum.

Nám býr fólk undir breytingar og háskólastofnanir verða að vera tilbúnar að breytast til að aðlagast breyttum ytri og innri aðstæðum á hverjum tíma. Eins og áður sagði var síðasta skólaár tími mikilla breytinga fyrir háskólann í heild sinni og fólst ein meginbreytingin í undirbúningi að sameiningu þriggja deilda: auðlindaeildar, upplýsingatæknideildar og viðskiptadeildar í eina deild; viðskipta- og raunvísindadeild. Námsframboð við hina nýju deild er óbreytt þar sem meginfræðasviðin eru auðlindafræði, viðskiptafræði og tölvunarfræði en hagræðingu er náð fram í rekstri með stærri stjórnsýslueiningu og samnýtingu grunnnámskeiða. Þessi nýja skipan deildarinnar býður einnig upp á frjóan og einstakan jarðveg í íslensku vísindasamfélagi þar sem deildin verður ein sú þverfaglegasta á landinu og tengist helstu sviðum nútíma samfélags; viðskiptum, nýtingu auðlinda og umhverfsvæðing og upplýsingatækni. Háskólinn hefur því skapað nýtt umhverfi, brugðist við breytingum með áráðni og krafti. Á næstu árum mun þessi áráðni skila skólanum sem sterkari rannsókn- og menntastofnun, stofnun sem kemur með nýja sýn á vandamál dagsins og nýjar lausnir til þess að leysa þau vandamál samfélaginu öllu til hagsbóta. Við fögnum því að hér í dag er viðskipta- og raunvísindadeild m.a. að brautskrá fyrsta kandidatinum með meistaraþróf í auðlindafræðum með áherslu á líftækni.

Í heilbrigðisdeild er mikil aðsókn, sérstaklega í hjúkrunarfræði, en námspláss eru takmörkuð. Haustið 2005 kepptu tveir nemendur um hvert námspláss. Framhaldsnámið ber einna hæst í starfsemi deildarinnar á árinu. Um 50 nemendur voru innritaðir í meistaranám og einstök námskeið á meistarastigi á árinu 2005. Við sjáum árangur af þessu starfi hér í dag þegar heilbrigðisdeild brautskráir m.a. fyrsta kandidatinum með meistaraþróf í heilbrigðisvísindum.

Um þriðjungur brautskráðra hjúkrunarfræðinga á Íslandi hefur undanfarin ár brautskráðst frá heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri. Mikill skortur er á hjúkrunarfræðingum í landinu ekki síst á höfuðborgarsvæðinu. Til að taka þátt í að leysa þennan vanda gæti Háskólinn á Akureyri auðveldlega menntað f eiri hjúkrunarfræðinga enda fylgi eðlilegar og umsamdar fjárveitingar þeim aukna nemendafjölda. Er þess vænst að stjórnvöld sýni ábyrgð og geri háskólanum kleift að mennta f eiri hjúkrunarfræðinga þannig að forðað verði alvarlegum vanda á heilbrigðisstofnunum landsins. Háskólinn á Akureyri er reiðubúinn að vinna með Háskóla Íslands og Landspítala-háskólasjúkrahúsi að sameiginlegum tillögum um fjölgun nemenda í hjúkrunarfræði.

Starfsemi kennaradeildar var með hefðbundnu sniði skólaárið 2005-2006 á þremur námsbrautum hennar, grunnskóla-, leikskóla- og framhaldsbraut og skólaþróunarsviði. Ráðist var í endurskoðun náms á leik- og grunnskólabraut. Á leikskólabraut var ákveðið að brydda upp á þeirri nýjung að bjóða upp á valsvið í náminu en það hefur ekki verið gert áður í leikskólakennaranámi hér á landi. Á grunnskólabraut var ráðist í endurskipulagningu með það að markmiði að styrkja nám í grunngreinum og auka jafnframt valmöguleika nemenda, meðal annars í samvinnu við aðrar deildir háskólans. Á framhaldsbraut var ákveðið að auglýsa ekki nám í kennslufræðum til kennsluréttinda en það verður gert á næsta ári. Unnið hefur verið að þróun þess náms og meistaranámsins og fengist samþykkt að bjóða upp á sérsvið í lestrarfræðum í meistaranámi frá og með haustinu 2007. Skólaþróunarsviðið hefur styrkt sig í sessi og af að sér f eiri og fjölbreyttari verkefna en áður. Á skólaárinu var skipuð nefnd til að móta stefnu fyrir deildina til lengri tíma og móta tillögur um framtíðaruppbyggingu náms.

Félagsvísinda- og lagadeild fagnar því að nú eru að brautskrást í fyrsta skipti frá deildinni kandidatar með B.A. próf í fjölmiðlafræði, samfélags- og hagþróunarfræði, sálfræði og lögfræði og næsta haust munu nemendur hefja meistaranám í lögfræði við deildina. Hér er um merkileg tímamót að ræða í sögu háskólans og í sögu háskólamenntunar í landinu því fjölmiðlafræði og samfélags- og hagþróunarfræði hafa aldrei áður verið kenndar sem sérstakar greinar til B.A. prófs hér á landi.

Félagsvísinda- og lagadeild hefur gert mikilvæga samninga um nemenda- og kennaraskipti við China University of Political Science and Law og næsta skólaár munu laganemendur héðan fara sem skiptinemar til Kína og bæði nemendur og kennarar frá Kína koma til náms og starfa við Háskólann á Akureyri.

Í allt brautskrást 342 kandidatar frá Háskólanum á Akureyri hér á eftir og er það langstærsti hópur sem hefur brautskráðst héðan. Af þessum hópi hafa margir stundað fjarnám fyrir milligöngu háskólaþróa og símenntunarmiðstöðva víðs vegar á



## BRAUTSKRÁNINGARRÆÐA REKTORS

landinu, m.a. á Egilsstöðum, Ísaf rði, Akranesi, Sauðárkróki, í Hafnar rði, Árborg, Reykjanesbæ og Vestmannaeyjum. Ég vil nota þetta tækifæri og þakka forsvarsmönnum og starfsfólki símenntunarmiðstöðva og háskólaþróa kærlega fyrir mjög árangursríkt og ánægjulegt samstarf við uppbyggingu fjarnámsins.

Skipting brautskráðra eftir deildum er sem hér segir: heilbrigðisdeild 59, viðskipta- og raunvísindadeild 87, kennaradeild 151, og félagsvísinda- og lagadeild 45. Ég vil þakka deildarforsetum og háskólakennurum fyrir vel heppnað samstarf á skólaárinu.

Ágætu kandidatar,

Ég hef hér fjallað um mikilvægi skýrrar framtíðarsýnar háskólans, stjórnvalda og samfélagsins. Það er okkar allra að gera betur.

Ein mikilvægasta skuldbinding háskóla er sú að standa vörð um akademískt frelsi. Það er forsendan fyrir því að háskólastarf þróist áfram og sagan sýnir að þar sem akademískt frelsi hefur verið brotið niður hefur það leitt til hnignunar þjóðfélaga. Akademískt frelsi felur í sér að einstaklingur geti leitað þekkingar og tjáð sannfæringu sína.

Í einu fegursta ljóði Einars Benediktssonar Frelsi leggur skáldið áherslu á að við eigum að eiga drauma og berjast fyrir þeim. Hann líkir frelsinu við ljós sem skínir „yfir vegum hvers lýðs og manns.“ Til að ávinna sér frelsi þarf baráttu eða eins og skáldið segir: „Þú beitir í strenginn en stefnir til lands.“ Erindið hljóðar þannig:

Ljós yfir vegum hvers lýðs og manns,  
vér leggjum með þér út á tímans straum.  
Þú beitir í strenginn, en stefnir til lands,  
þótt stríki og dypki og vöð séu naum.  
Og skriki fótur og falli yfir,  
í fjarlægð, í hæðum minningin lifir.  
Merkið vort bjarta, þig heimtar hvert hjarta,  
því hvað er vort líf ef það á engan draum.

Ágætu kandidatar,

Gerum þessar fögru ljóðlínur að okkar.

Um leið og ég færi ykkur heillaóskir á þessum tímamótum vil ég minna á að þó að háskólaþrófykkar sé mikilvægt þá er það aðeins einn áfangi á lærdómsbraut sem þið vonandi haldið áfram að fylgja í framtíðarstörfum ykkar.

Hér á eftir verður ykkur afhentur vitnisburður um námsárangur. Hvert sem leið ykkar liggur, til starfa eða framhaldsnáms, mun háskólinn metinn eftir menntun ykkar hér.

Fyrir hönd Háskólans á Akureyri óska ég ykkur og fjölskyldum ykkar hjartanlega til hamingju með þessum tímamótum líf ykkar. Ég óska ykkur velfarnaðar í því starfi, námi og lífi sem bíður ykkar.

Nemendum, kennurum og öðru starfsfólki háskólans þakka ég gott og árangursríkt samstarf á liðnu háskólaári.

Lífð heil og megi viska, gæfa og hamingja fylgja ykkur.







[www.unak.is](http://www.unak.is)

Háskólinn á Akureyri

[www.unak.is](http://www.unak.is)

Sólborg v/Norðurslóð

600 Akureyri

Sími: 460 8000

